

ÁRSSKÝRSLA GRÓTTU 2024



Skýrsla aðalstjórnar Gróttu



Efnisyfirlit

Skýrsla aðalstjórnar Gróttu	3
Skýrsla fimleikadeildar Gróttu	11
Skýrsla handknattleiksdeildar Gróttu	23
Skýrsla knattspyrnudeildar Gróttu.....	36
Heiðursmerki Gróttu	48
Íþróttafólk ársins.....	55
Lög félagsins	58

Ársreikninga, stöðutöflur og nánari upplýsingar má finna á www.grotta.is



Skýrsla
aðalstjórnar
Gróttu

Ávarp formanns

Kæra Gróttufólk

Gróttu gegnir afar mikilvægu hlutverki í okkar samfélagi en öll íþróttafélög eru að takast á við sömu áskoranir og við og þá einna helst tengt fjármálum. Góð samvinna við samfélagið í heild sinni, bæinn, stjórnarmenn, starfsfólk, þjálfara og sjálfboðaliða skiptir því megin máli.

Að reka íþróttafélag hefur gífurlega mikið forvarnargildi og því skiptir Gróttu svo miklu máli fyrir okkar samfélag og okkar börn.

Við þurfum að standa saman í komandi áskorunum, efla sjálfboðaliðastarfið, finna nýjar leiðir í tekjuöflun svo eitthvað sé nefnt.



Karitas Kjartansdóttir

Við erum gott samfélag og börnin treysta á okkur og við eigum að vera stolt yfir því frábæra starfi sem fer fram hér í Gróttu.

Ég vil þakka starsfólki Gróttu og stjórnarmeðlimum félagsins fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Einnig við ég þakka okkar sjálfboðaliðum fyrir ómæld og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Að lokum vil ég þakka okkar styrktaraðilaum fyrir afar gott samstarf. Hlakka til þess að vinna að frekari uppbyggingu á okkar góða félagi fyrir okkar börn og samfélagið í heild sinni.

Kveðja góð,
Karitas Kjartansdóttir
formaður Gróttu



Almennt um starf félagsins

Eldri borgara ganga Gróttu

Íþróttafélagið Gróttu í samstarfi við Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi býður öllum eldri borgurum upp á Gróttugöngu um Nesið á föstudögum kl. 10:30. Brottför er frá íþróttahúsi Gróttu kl. 10:30 og að göngu lokinni býður Gróttu upp á kaffi og Björnsbakarí upp á bakkelsi í anddyri íþróttahússins. Mikil ánægja er með þetta verkefni sem hófst í maí 2023.



Sumarnámskeið Gróttu

Íþróttafélagið Gróttu hefur alfarið tekið að sér ábyrgð, rekstur og umsjón sumarnámskeiða. Árið 2023 var fyrsta sumarið sem Gróttu sá um námskeiðin sem voru áður haldin af Seltjarnarnesbæ. Þetta hefur gengið að mestu vel og vonumst við eftir því að geta boðið upp á skemmtileg og vel skipulögð námskeið sumarið 2025.


Frísk í Gróttu

Frísk í Gróttu er heilsueflandi verkefni fyrir einstaklinga 65 ára og eldri á Seltjarnarnesi sem hófst í mars sl. Starfsemi Frísk í Gróttu verður byggð í kringum hóppjálfun þar sem þátttakendur fá tækifæri á því að stunda líkamsrækt í skemmtilegum félagsskap undir handleiðslu fagmenntaðra þjálfara. Um er að ræða markvissa og skipulagða þjálfun þar sem þjálfarar útbúa 6 vikna æfingaáætlanir sem aðlagðar eru og útfærðar fyrir hvern og einn þátttakanda. Á æfingum verður lögð áhersla á styrktar-, þol-, liðleika- og jafnvægisæfingar. Ekki síður verður lögð áhersla á andlega og félagslega heilsu og verður starfsemi í heild sinni unnin með það að

leiðarljósi. Æfingar munu fara fram 2x í viku fyrir hádegi á – þriðjudögum og fimmtudögum í íþróttahúsi Gróttu í nýjum styrktarsal félagsins. Fyrsta námskeið verður 12 vikur og hófst þriðjudaginn 11. mars.

Jóla kort Gróttu

Eins og síðastliðin fimm ár var jóla kortasamkeppni Gróttu haldin fyrir jólin. Nemendur í 4. bekk Mýrarhúsaskóla tóku þátt í keppninni líkt og síðustu ár. Þessi viðburður er orðinn að hefð hjá Gróttu og er þetta virkilega skemmtilegt samvinnuverkefni. Sigurmyndin skreytti jóla kort félagsins en að þessu sinni var það Katrín Birna Guðmundsdóttir sem fór með sigur úr býtum.



Mannauður

Aðalstjórn Gróttu



Karitas Kjartansdóttir
Formaður
Sérfræðingur hjá Isavia
10 ára starf fyrir Gróttu



Anna Björg Erlingsdóttir
Varaformaður
Viðskiptafræðingur
15 ára starf fyrir Gróttu



Ragnar Rafnsson
Gjaldkeri
10 ára starf fyrir Gróttu



Kristinn Þorvaldsson
Meðstjórnandi
B.Ed í kennslufræði og
MPM í verkefnastjórnun
7 ár í aðalstjórn Gróttu



Tinna Molphy
Formaður fimleikadeildar
Viðskiptafræðingur
Fyrsta árið hjá Gróttu



Þorsteinn Ingason
Formaður knattspyrnudeildar
Lögmaður
8 ára starf fyrir Gróttu



Ólafur Finnbogason
Formaður handknattleiksdeildar
Fasteignasali
2 ára starf fyrir Gróttu

Starfsmenn á skrifstofu aðalstjórnar



Jón Sigurðsson
Framkvæmdastjóri



Hrafnhildur Sigurjónsdóttir
Verkefnastjóri



Jóhanna Selma Sigurðardóttir
Yfirhúsvörður



Hlynur Morthens
Vallarstjóri Vivaldivallar

Hólmar Karl
Húsvörður

Bogi Elvar
Húsvörður

Ana Bodgan
Húsvörður

Mathe
Húsvörður

Viðurkenningar

Íþróttafólk Gróttu

Kjör íþróttafólks Gróttu 2024 fór fram við hátíðlega athöfn í hátíðarsal Gróttu þriðjudaginn 11. mars.

Íþróttamaður Gróttu

Tilnefndir voru:

- Jakob Ingi Stefánsson - handknattleiksdeild
- Kristófer Melsted - knattspyrnudeild

Knattspyrnumaðurinn **Kristófer Melsted** var valinn íþróttamaður Gróttu árið 2024.

Þegar árið gekk í garð benti fátt til þess að Kristófer yrði 12 mánuðum síðar orðinn fyrirlíði Gróttu. Hann var í fríi frá fótbolta - í krefjandi vinnu og nýorðinn pabbi. Hann hélt sér í formi með Kríu og í apríl gat hann ekki setið lengur á sér og sneri aftur í meistaraflokk Gróttu.

Kristófer er fæddur árið 1999. Hann lék upp yngri flokkana með Gróttu, fór reyndar í Breiðablik í þrjú ár, en kom til baka í 3. flokki og spilaði sinn fyrsta meistaraflokks leik árið 2016. Hann hefur spilað með meistaraflokki Gróttu allar götur síðan og í tvígang mátt verja heilu ári í endurhæfingu eftir erfið meiðsli.

Í sumar lék Kristófer 21 leik með Gróttuliðinu sem eins og kunnugt er féll niður í 2. deild. Á erfiðum tímum hefur Kristófer stigið upp sem leiðtogi í liðinu enda hefur hann risastórt Gróttuhjarta og ástríðu fyrir félaginu. Hann er nýr fyrirlíði meistaraflokks karla og mun á komandi tímabili fara fyrir Gróttumönnum sem eru staðráðnir í því að berjast um að komast á ný upp í Lengjudeildina.



Íþróttakona Gróttu

Tilnefndar voru:

- Hildur Arnaldsdóttir - fimleikadeild
- Katrín Anna Ásmundsdóttir - handknattleiksdeild
- Telma Sif Búadóttir - knattspyrnudeild

Handknattleikskonan **Katrín Anna Ásmundsdóttir** var valin íþróttakona Gróttu árið 2024.

Katrín Anna Ásmundsdóttir er leikmaður meistaraflokks kvenna hjá Gróttu. Hún er fædd árið 2004 og er örvhentur hornamaður. Þrátt fyrir ungan aldur er þetta sjötta tímabil Katrínar Önnu með meistaraflokki Gróttu. Hún hefur leikið 117 leiki fyrir Gróttu. Hún lék lykilhutverk með Gróttu sem vann sér sæti í Ólísdeildinni síðastliðið vor. Hún lék með U20 ára landsliðinu í sumar þar sem liðið náði sínum besta árangri frá upphafi á stórmóti. Hún var loks valin í A-landsliðið sem lék á EM í nóvember og desember. Það má með sanni segja að árið 2024 hafi verið frábært ár hjá Katrínu Önnu.



Íþróttakona æskunnar

Tilnefndar voru:

- Ásdís Erna Indriðadóttir - fimleikadeild
- Eldey Erla Hauksdóttir - fimleikadeild
- Anna Katrín Viggósdóttir - handknattleiksdeild
- Kristín Fríða Scheving - handknattleiksdeild
- Rebekka Sif Brynjarsdóttir - knattspyrnudeild



Knattspyrnukonan **Rebekka Sif Brynjarsdóttir** var valin íþróttakona æskunnar árið 2024.

Þrátt fyrir að vera aðeins 15 ára gömul spilaði Rebekka lykilhlutverk í meistaraflokki kvenna hjá Gróttu sem endaði í þriðja sæti Lengjudeildarinnar í sumar. Hún skoraði þrjú mörk í 16 leikjum og stóð í ströngu á miðju Gróttuliðsins í vörn og sókn. Rebekka lék níu landsleiki með U16 og U17 ára landsliðunum á árinu - hún er fædd árið 2009 en flestir leikmanna liðsins eru árinu eldri. Fyrir utan knattspyrnuhæfileika sína er Rebekka til fyrirmyndar á öðrum sviðum. Hún þjálfar í yngri flokkum Gróttu og jákvætt viðmót hennar er til eftirbreytni.



Rebekka Sif Brynjarsdóttir

Íþróttamaður æskunnar

Tilnefndir voru:

- Birgir Davíðsson Scheving - knattspyrnudeild
- Hrafn Ingi Jóhannsson - handknattleiksdeild
- Þórður Magnús Árnason - handknattleiksdeild

Handknattleiksmaðurinn **Hrafn Ingi Jóhannsson** var valinn íþróttamaður æskunnar árið 2024.

Hrafn Ingi er leikmaður í 3.flokki karla og er fæddur árið 2006. Hann ætlaði sér upphaflega að verða skytta en seinustu ár hefur hann æft og leikið sem línumaður og líkar það vel. Hrafn hefur leikið alla leiki 3.flokks og ungmennaliðsins í vetur. Hann er gríðarlega efnilegur leikmaður og virkilega líkamlega sterkur, hann mætir á allar æfingar og allar aukæfingar sem í boði eru. Það fer ekki mikið fyrir Hrafn Inga utan vallar enda mikið gæðablóð. Innan vallar er hann alltaf í miklum ham og fer mikinn. Á lokahófi meistaraflokka Gróttu síðastliðið vor þá var Hrafn Ingi valinn mikilvægasti leikmaður Gróttu U sem endaði í 2.sæti 2.deildar karla.



Hrafn Ingi Jóhannsson

Þjálfari ársins

Tilnefnd voru:

- Hannes Grimm - handknattleiksdeild
- Matthías Guðmundsson - knattspyrnudeild
- Tomas Bekkavik - fimleikadeild

Tomas Bekkavik fimleikabjálfi var valinn þjálfari ársins.



Tomas Bekkavik hóf þjálfun hjá fimleikadeild Gróttu árið 2022, en áður var hann hjá Gerplu í 2 ár og var í þjálfarateymi karlaliðs Íslands á EM 2022. Hjá Gróttu hefur Tomas komið að þjálfun hjá flestum öllum flokkum hópfimleika og á gríðarstóran þátt í því góða uppbyggingarstarfi sem hefur átt sér stað í hópfimleikum hjá deildinni undanfarin ár. Þá sérstaklega hefur hann náð góðum árangri með yngri flokkana og byggt upp góða liðsheild og stemningu sem hefur skilað verðlaunasætum á stærri mótum (Íslandsmót 2024: 2. flokkur í 3. sæti, 3. flokkur 5 sæti og meistaraflokkur 5 sæti). Frá því Tomas flutti til Íslands hefur hann sýnt mikinn metnað til að stimpla sig inn í íslensku fimleikasenuuna, en hann hafði með yfirumsjón með skipulagningu Íslandsmóts sem Gróttu hélt í maí 2024 og kom einnig að skipulagningu og umsjón Norðurlandamóts í hópfimleikum sem var haldið í Laugardalshöll í nóvember 2023. Hann er alltaf tilbúinn að aðstoða við hinar ýmsu áskoranir sem koma upp hjá fimleikadeild Gróttu og hefur forystu um að vinna jákvætt úr breytingum. Hann leggur einnig mikið upp úr góðu samstarfi við iðkendur, foreldra, samþjálfara og starfsfólk félagsins og gefur skemmtilega innsýn í starfið í gegnum myndbönd og fræðslu á samfélagsmiðlum.

Sjálfbóðaliðar ársins

Útnefnd til verðlaunanna sjálfbóðaliða ársins voru:

Aron Bjarki Arnarsson, handknattleiksdeild.

Þrátt fyrir ungan aldur þá hefur Aron Bjarki unnið mikið og óeigingjarnt starf fyrir handboltann undanfarin ár. Undantekningarlaust vinnur Aron Bjarki og öllum heimaleikjum Gróttu í miðasölu og í sjoppunni. Í kringum mót yngri flokka sem Gróttu heldur og í umgjörð leikja í 3. og 4. flokki þá er alltaf hægt að leita til Arons Bjarka til að aðstoða. Aron Bjarki hefur verið aðstoðarþjálfari 9. flokks undanfarna tvo vetur og staðið sig vel í því hlutverki eins og öllum öðrum sem hann tekur sér fyrir hendur.

Lilja Nótt Þórarinsdóttir, knattspyrnudeild.

Lilja Nótt á tvær dætur í fótbolta í Gróttu og hefur verið virk innan félagsins í allskonar sjálfbóðastörfum, t.d. foreldraráðum og í aðstoð við leiki hjá meistaraflokki kvenna ásamt fleiri viðburðum innan félagsins. Í sumari var hún virkur þátttakandi í heimaleikjaráði meistaraflakks kvenna og kom með mikinn kraft inn í starfið. Þar má m.a. nefna skipulagningu og utanumhald á styrktarleik Gróttu fyrir Kraft en þar safnaðist 470.000 kr. til styrktar Krafts - stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur. Öllu var tjaldað til á vellinum og var mikil stemning á leiknum og fyrir leik, en þar var t.d. hoppukastali, andlitsmálning, djasstríó, búbbur og hamborgarar. Lilja Nótt hefur komið með ferskan blæ inn í starfið hjá knattspyrnudeild Gróttu og er hvergi nær hætt.



Fyrstu landsleikir

Eftirfarandi krakkar fengu sína spiluðu sína fyrstu landsleiki á árinu 2024:

- Atli Steinn Arnarsson, handknattleiksdeild
- Anna Karólína Ingadóttir, handknattleiksdeild
- Bessi Teitsson, handknattleiksdeild



Heiðursmerki

Eftirfarandi einstaklingar hlutu heiðursmerki félagsins:

Gullmerki Gróttu

- Andri Sigfússon



Silfurmerki Gróttu

- Anna Björg Erlingsdóttir
- Jórunn María Bachmann Þorsteinsdóttir



Bronsmerki Gróttu

- Ari Pétur Eiríksson
- Arnar Þór Helgason
- Edda Andradóttir
- Eva Björk Hlöðversdóttir
- Bjarni Rögnvaldsson
- Helgi Héðinsson
- Hulda Björk Halldórsdóttir
- Filip Andonov
- Katrín Viðarsdóttir
- Kristín Gísladóttir
- Kristín Björg Svövudóttir
- Kristín Huld Þorvaldsdóttir
- Tinna Bjarkar Jónsdóttir
- Patrekur Pétursson Sanko
- Páll Þórólfsson
- Pétur Theodór Árnason





Ávarp formanns

Það hefur verið afar ánægjulegt að stíga aftur inn í fimleikasalinn hjá Gróttu eftir langa hvíld og nú í nýju hlutverki. Sjálf æfði ég fimleika hjá Gróttu inn í menntaskólaárin og þar lærði ég svo ótal margt annað sem hefur reynst gott veganesti. Hjá Gróttu er nefnilega ekki bara verið að kenna fimleika heldur svo fjölmargt annað sem gagnast út lífið eins og hugrekki og hugarfar en ekki síður félagsþroska, aga og seiglu. Fyrir það er ég þakklát og glöð að geta stutt við þau jákvæðu áhrif sem íþróttafélög geta haft á sitt nærsamfélag.

Okkur er einnig sérstaklega umhugað um mannauðinn okkar og þau mikilvægu áhrif sem þjálfarar sem fyrirmyndir geta haft á unga iðkendur og aðstandendur þeirra. Hjá Fimleikadeildinni starfa hátt í 80 þjálfarar á breiðu aldursbili og með mismikla reynslu. Hjá ungum aðstoðarþjálfurum er Gróttu oft þeirra fyrsti vinnustaður og mikilvægt að þar sé lagður traustur grunnur að góðum venjum og vinnubrögðum.

Þetta var líka ár mikilla umbreytinga hjá deildinni og sú vinna hefur gengið afskaplega vel og mun halda áfram næstu ár. Eins og þeir sem hafa æft fimleikar vita, að þá er mikil vinna sem liggur að baki litlu sigrunum eins og fyrsta handahlaupinu, kippinum, flikkinu eða heljarstökkinu. En þegar grunnurinn er orðinn góður, er auðveldara að taka stærri stökk og bæta við alls konar skrúfum og pinnlenda. Það er takmarkið og ég er sannfærð um að framtíðin sé björt fyrir fimleikadeildina okkar.



Samstílt mykjin stjórn

Samstílt og einhuga stjórn tekur við

Á aðalfundi félagsins í vor var skipuð ný stjórn fyrir fimleikadeildina. Formaður var kosinn Guðjón Rúnarsson og aðrir meðstjórnendur og varamenn voru Birna Friðgeirsdóttir, Bylgja Ýr Tryggvadóttir, Guðni Steinarsson, Harpa Hlíf Bárðardóttir, Jóhanna Sigmundsdóttir, Margrét Hauksdóttir, Tinna Molphy, Tinna Rut Traustadóttir og Þórunn Rafnar Þorsteinsdóttir. Eftir því sem árinu vatt fram og stærstu verkefnum deildarinnar var siglt í höfn urðu frekari vistaskipti þegar Guðjón og Jóhanna stigu úr stjórn. Þá tók Tinna Molphy við formennsku, Harpa Hlíf sem varaformaður og Þórunn Rafnar sem gjaldkeri. Stjórn Fimleikadeildarinnar vill koma á framfæri innilegum þökkum til þeirra Guðjóns, Jóhönnu og annarra fráfarandi stjórnarmanna fyrir ótrúlega öflugt og ósérhlífið starf fyrir deildina síðustu ár.

Öflugir leiðtogar í fimleikasalinn

Um vorið voru einnig ráðnir inn framtíðarleiðtogar fyrir fimleikadeildina og það var með mikilli gleði sem við buðum Völu Thoroddsen, Bjarna Geir H. Halldórssyni og Bergdísu Kötlu Birgisdóttur hjartanlega velkomin til starfa sem yfirþjálfarar fyrir grunnhópa, áhaldafimleika og hóp fimleika. Bæði iðkendur, aðstandendur og starfsfólk fimleikadeildarinnar ættu að þekkja vel til þeirra enda hafa þau öll verið viðriðin deildina lengi og unnið frábært starf.



Vala hefur gegnt fjölbreyttum hlutverkum innan Gróttu síðustu ár, bæði sem þjálfari og framkvæmdastjóri deildarinnar og eins æfði hún sjálf fimleika í 11 ár. Bjarni hefur þjálfað hjá Gróttu frá því hann var fjórtán ára gamall og hefur víðtæka reynslu og þekkingu í íþróttinni bæði hjá drengja- og stúlknaíðum. Bergdís er öflug fimleikakona með 15 ára feril að baki, þar af sex ár í hóp fimleikum, og kom reynslunni ríkari aftur til Gróttu eftir sérnám í fimleikum við Lýðháskólann Ollerup í Danmörku.

Fyrst og fremst eru þau Vala, Bjarni og Bergdís frábærar fyrirmyndir fyrir okkar ungu iðkendur og hafa einstaklega jákvætt viðhorf og metnað fyrir starfinu. Við hlökkum til að fylgjast með þessu öfluga teymi vaxa og dafna sem leiðtogar í fimleikasalnum í metnaðarfullu starfi hjá deildinni.

Víðtæk reynsla erlendis frá

Á árinu voru ráðnir inn fjöldi erlendra þjálfara til starfa sem koma með yfirgripsmikla reynslu og þekkingu til félagsins. Þjálfararnir eru frábær viðbót við öfluga liðsheit hjá félaginu og hafa náð að aðlagast hratt og vel að starfinu og iðkendum. Við hlökkum til að sjá árangurinn af starfi þeirra á komandi misserum.

Elsa Garcia er 33 ára og kemur frá Mexíkó. Hún er fyrrum landsliðskona Mexíkó í áhaldafimleikum, var í landsliði Mexíkó frá 2000 til 2023 og á ferli sínum keppti hún bæði á Ólympíuleikum og á nokkrum heimsmeistaramótum. Elsa hefur unnið til 35 alþjóðlegra verðlauna og er ein af bestu áhaldafimleikakonum Mexíkó frá upphafi.

Josiel er 23 ára Bandaríkjamaður. Hann er bæði metnaðarfullur og áhugasamur þjálfari með yfir 6 ára reynslu. Hann hefur þjálfað alla aldurshópa, frá leikskólaaldri til keppnishópa á efri stigum. Josiel lauk tölvunarfræðinámi í vor og hefur sótt mörg þjálfaranámskeið.

Csaba er frá Ungverjalandi og hefur þjálfað fimleika í Noregi frá árinu 2016. Hann hefur reynslu af þjálfun bæði stúlkna og drengja í áhaldafimleikum, en hefur að auki verið aðstoðarþjálfari í hóp fimleikum.

Gemma er 22 ára og kemur frá Írlandi og hefur góða reynslu í þjálfun bæði frá Írlandi og Bandaríkjunum þar sem hún hefur starfað í International Gymnastics Camp. Gemma var ein af fremstu fimleikakonum í Írlandi og á að baki langan og farsælan feril í fimleikum þar í landi. Gemma þjálfar keppnishópa í áhaldafimleikum og líka grunnhópa í fimleikum.

Við bjóðum þau öll hjartanlega velkomin til starfa hjá Gróttu þar sem þekking þeirra, reynsla og metnaður hefur þegar haft jákvæð áhrif á bæði iðkendur og starfið í heild sinni.



Nýr framkvæmdastjóri tekur við

Í ágúst tók Guðrún Stefánsdóttir við sem nýr framkvæmdastjóri Fimleikadeildar. Á sama tíma vill stjórn Fimleikadeildar Gróttu þakka Hansínu Þóru Gunnarsdóttur, fráfarandi framkvæmdastjóra, kærlega fyrir frábært og farsælt samstarf og óskar henni alls hins besta á nýjum vettvangi innan íþróttahreyfingar á Íslandi þar sem kraftar hennar munu sannarlega nýtast vel.

Góður grunnur fyrir leiðtoga framtíðarinnar

Á fyrsta þjálfarafundi haustannarinnar fengum við Önnu Steinssen frá KVAN í heimsókn sem heillaði hópinn með bæði fræðandi og skemmtilegum fyrirlestri um jákvæð samskipti og samskipti á milli kynslóða. Axel Bragason, sjúkraþjálfari og einn reynslumesti fimleikaþjálfari deildarinnar, tók svo við keflinu og fór yfir leiðbeiningar og áherslur í þjálfun, æskilegri framkomu við iðkendur, hvernig bregðast skuli við meiðslum eða slysum í salnum, ásamt mörgu öðru. Að lokum var farið yfir og sammælt um góðar venjur sem þjálfarar Fimleikadeildarinnar munu tileinka sér og vinna eftir.



Fundurinn og fræðslan fór vel í þjálfarahópinn sem sammæltust um að leggja sína hönd á plóg og stimpluðu táknræna fimmu eins og sjá má á myndunum.

Áhaldakaup og bæting á aðstöðu

Fimleikaeildin býr við góða æfingaaðstöðu eftir að nýr fimleikasalur var tekinn í notkun vorið 2019. Með nýju fimleikahúsi hefur einnig fylgt mikill vöxtur í fjölda iðkenda og er salurinn nú þegar fullnýttur og rúmlega það á helstu álagstímum eftir skóla og fram yfir kvöldmat.

Á árinu var fjárfest í nýjum áhöldum og tækjabúnaði bæði fyrir áhaldafimleika og hópfimleika. Þar ber helst að nefna nýjar slár, stökkbretti og stökkdýnur fyrir hópfimleika, en ávalt er leitast eftir því að áhöld og aðstaða bjóði upp á öruggar aðstæður til fimleikaiðkunar.

Auknum fjölda iðkenda fylgja líka fleiri áhorfendur á sýningum og stærri mótum. Enn á eftir að bæta við þremur stúkueiningum eins og upphaflega var gert ráð fyrir, og vöntun hefur verið á sætum fyrir áhorfendur.

Á óskalista deildarinnar er enn ýmislegt sem var á áhaldalista fyrir nýja húsið og skoða má fyrir næstu ár s.s. stækkun á svampgryfju, hlemmur fyrir stökkgryfju, niðurdraganlegur dúkur til að skerma betur af æfingasvæði áhaldafimleika og hópfimleika, hljóðhönnun og ýmislegt annað.

Þjálfaraherbergið fékk líka upplýftingu á árinu, rýmið endurskipulagt og fjárfest í nýjum færanlegum húsgögnum og betri kaffiaðstöðu sem var kærkomið.

Áfram og upp

Eins og fram hefur komið þá hefur sannarlega margt áunnist á árinu og við erum afar stolt af því starfi sem við getum boðið upp á hér á Seltjarnarnesi fyrir fimleikahetjur framtíðarinnar. Að því sögðu vil ég fyrir hönd stjórnar færa starfsfólki deildarinnar, iðkendum, og aðstandendum þeirra innilegar þakkir fyrir samstarfið á árinu sem nú er liðið. Einnig ber að þakka gífurlega öflugum hópi sjálfboðaliða sem deildin hefur getað treyst á til að styðja við starfið hjá Fimleikaeildinni. Áfram Gróttta!

Fyrir hönd stjórnar,
Tinna Molphy
Formaður Fimleikadeildar

Mannauður

Stjórn fímleikadeildarinnar	Titill	Menntun	Starfsaldur (ár) há Gróttu
Tinna Molphy	Formaður	Viðskiptafræðingur	< 1
Harpa Hlíf Barðardóttir	Varaformaður	Hjúkrunarfræðingur	18
Þórunn Rafnar Þorsteinsdóttir	Gjaldkeri	Líffræðingur	< 1
Tinna Traustadóttir	Ritari	Lögreglumaður	< 1
Birna Friðgeirsdóttir	Meðstjórnandi	Grunnskólakennari	< 1
Bylgja Ýr Tryggvadóttir	Meðstjórnandi		< 1
Guðni Steinarsson	Meðstjórnandi	Verkfræðingur	< 1
Margrét Hauksdóttir	Varamaður	Sálfræðingur	< 1

Framkvæmdastjóri	Titill	Menntun	Starfsaldur (ár) há Gróttu
Guðrún Stefánsdóttir	Framkvæmdastjóri	Mannauðsstjóri	< 1



Þjálfarar	Titill	Menntun	Starfsaldur (ár) há Gróttu
Arna Geirsdóttir Almennur	Þjálfari	Menntaskólanemi	6
Arnar Daði Jónsson	Almennur þjálfari	Stúdent	1
Arndís María Erlingsdóttir	Almennur þjálfari	Kennari	3
Agla Styrmsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	1
Askja Lilja Finze	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	3
Auður Guðjónsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	5
Auður Ingvadóttir	Almennur þjálfari	Menntaskólanemi	?
Axel Bragason Almennur	Þjálfari	Sjúkraþjálfari	8
Ásdís Erna Indriðadóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	2
Áshildur Arnarsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	2
Bríet Bjarnadóttir	Almennur þjálfari	Háskólanemi	2
Brynhildur Anna Sigurðardóttir	Aðstoðarþjálfari	Mennaskólanemi	2
Bergdís Katla Birgisdóttir	Almennur þjálfari	Menntaskólanemi	6
Bjarni Geir Halldórsson	Almennur þjálfari	Viðskiptafræðingur	12
Csaba Horvath Almennur	Þjálfari	Fimleikafræðingur BA	1
Eldey Erla Hauksdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	1
Elsa Garca Almennur	Þjálfari	Fatahönnuður	1
Erlingur Árni Gunnarsson	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólaþjálfari	2
Emilía Jiyue Hörpudóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	1
Freyja Arnarsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	1
Freyja Geirsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	4
Fríður París Kristjánsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	1
Gabriella Palkovics Belányiné	Almennur þjálfari	Íþróttafræðingur	27
Gemma McCormick Almennur	Þjálfari	Fimleikaþjálfari	1
Guðrún Bjarnadóttir	Yfirþjálfari Stubbafimi	Leikkona	1
Guðrún Stefánsdóttir	F ramkvæmdastjóri - Almennur þjálfari	Mannauðsfræðingur	4
Guðlaugur Jón Árnason	Almennur þjálfari		3
Gígja Ketilsdóttir	Almennur þjálfari	Háskólanemi	2
Harpa Hrönn Egilsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	1
Halla Steingrímsdóttir	Yfirþjálfari hópfimleika	Nemi í félagsráðgjöf	4
Hafdís Þorleifsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	1
Helena Sólrún Oddsdóttir Holt	Almennur þjálfari	Stúdentspróf	6
Helgi Fannar Adamsson	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	2
Hlynur Freyr Valsson	Almennur þjálfari	Stúdent	1
Hildur Arnaldsdóttir	Almennur þjálfari	Nemi í hjúkrunarfræði	7
Hildur Jónsdóttir Norðfjörð	Almennur þjálfari	Háskólanemi	6
Hildur Þurí Indriðadóttir	Almennur þjálfari	Menntaskólanemi	4
Josephine Hulda Pálsd. Kricker	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	1
Josiel Rivas	Almennur þjálfari	Stúdent	1
Jóhanna Júlía Sigurðardóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	3
Jóhanna Kolbrún Einarsdóttir	Almennur þjálfari	Nemi í lögfræði	7
Karítas Katja Zschirp	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	1
Katrín Aradóttir	Almennur þjálfari	Háskólanemi	1
Katla Hólm Gunnarsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	2
Katla Hlíf Eypórsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	1
Katrín Katla Guðmundsdóttir	Almennur þjálfari	Stúdent	2

Iðkendum

Hjá Fimleikadeild Gróttu má finna breiðan hóp iðkenda. Á árinu voru 708 iðkendum hjá Fimleikadeild Gróttu. Þar af voru 232 iðkendum í stubbafimi, 266 í grunnhópum, 100 iðkendum í áhaldafimleikum og 110 iðkendum í hópfimleikum sem er ört vaxandi grein. Deildin hefur einnig boðið upp á fimleika fyrir fullorðna við góða róm og almennt um 15 heldri nemendum sem sækja þau námskeið hverja önn.

Nafn/flokkur	Tegund	Fjöldi iðkenda	Kyn	Fæðingarár
Meistaraflokkur	Hópfimleikar	7	kvk	2007+
1. flokkur	Hópfimleikar	11	kvk	2009-2008
2. flokkur	Hópfimleikar	17	kvk	2010-2011
3. flokkur Ú	Hópfimleikar	12	kvk	2012-2013
3. flokkur	Hópfimleikar	13	kvk	2012-2013
4. flokkur blár	Hópfimleikar	11	kvk	2014-2015
4. flokkur grænn	Hópfimleikar	18	kvk	2014-2015
KK	Hópfimleikar	21	kk	2015-2012
A1	Grunnhópar	12	kvk	2018
A2	Grunnhópar	14	kvk	2018
A3	Grunnhópar	13	kvk	2018
A4	Grunnhópar	13	kvk	2018
A5/A6	Grunnhópar	30	kvk	2019
A7	Grunnhópar	12	kvk	2019
A8	Grunnhópar	14	kvk	2019
A9	Grunnhópar	14	kvk	2019
A10	Grunnhópar	14	kvk	2019
A11	Grunnhópar	18	kvk	2018
A12	Grunnhópar	11	kvk	2019
B1	Grunnhópar	13	kvk	2017
B2	Grunnhópar	12	kvk	2017
B3	Grunnhópar	13	kvk	2017
B4	Grunnhópar	13	kvk	2017
S1	Grunnhópar	10	kk	2016-2017
S2	Grunnhópar	12	kk	2017
S6	Grunnhópar	9	kk	2018
S7	Grunnhópar	10	kk	2019
S8	Grunnhópar	9	kk	2019
Frjálst 1. og 2. þrep	Áhaldafimleikar	4	kvk	2010-2012
2. og 3. þrep	Áhaldafimleikar	4	kvk	2014-2015
3. þrep eldri	Áhaldafimleikar	11	kvk	2010-2012
3. þrep yngri	Áhaldafimleikar	11	kvk	2013-2014
4. þrep yngri	Áhaldafimleikar	9	kvk	2014-2015
5. þrep 1	Áhaldafimleikar	13	kvk	2012-2014
5. þrep 2	Áhaldafimleikar	10	kvk	2014-2015
5. þrep 3	Áhaldafimleikar	11	kvk	2016-2017
6. þrep 1	Áhaldafimleikar	12	kvk	2016
6. þrep 2	Áhaldafimleikar	15	kvk	

Fimleikar fyrir fullorðna	Fimleikar fyrir fullorðna	15	kk-kvk	1976-2007
1 árs	Stubbafimi	26	kk-kvk	2023
2 ára	Stubbafimi	38	kk-kvk	2022
3 ára	Stubbafimi	80	kk-kvk	2021
4 ára	Stubbafimi	88	kk-kvk	2020

Almennt um deildina

Fimleikadeild Gróttu samanstendur af 20 grunnhópum, 8 hópfimleika hópum, 10 framhaldshópum í áhaldafimleikum og 6 hópum í stubbafimi. Fimleikadeildin býður einnig upp á námskeið í fullorðinsfimleikum. Stubbafimi er fyrir yngstu iðkendur deildarinnar eða börn fædd 2020-2023. Grunnhópar eru ætlaðir börnum fæddum 2019-2017. Megin markmið stubbafimi og grunnhópa er að kenna undirstöðuatriði fimleika og skapa áhuga á íþróttinni. Þegar iðkendur hafa klárað grunnhópa geta þau valið um áhalda- eða hópfimleika. Iðkendur í fimleikadeildinni eru 708 talsins, en með námskeiðum á vegum deildarinnar eru rúmlega 850 iðkendur.



Árangur ársins 2024

Áhaldafimleikar

Keppnistímabilið 2023–2024 var öflugt hjá áhaldafimleikum Gróttu þar sem iðkendur sýndu framúrskarandi árangur á fjölmörgum mótum og viðburðum. Um 130 iðkendur okkar tóku þátt í mótum á vegum Fimleikasambands Íslands og öðrum viðburðum víðsvegar um landið. Þjálfarateymið var bæði fjölmennt og faglegt, skipað Axeli Bragasynti, Ásdísi Björk Pétursdóttur, Bjarna Geir H. Halldórssyni, Gabriellu Belányi, Guðrúnu Stefánsdóttur, Hildi Arnaldsdóttur, Jóhönnu Kolbrúnu Einarsdóttur, Laufeyju Birnu Jóhannsdóttur, Sesselju Järvelä, Sigurlínu Sól Valþórsdóttur og Völu Thoroddsen.

Prepamót FSÍ

Prepamóti FSÍ sýndu iðkendur Gróttu frábæran árangur. Í 1. þrepi stóð Maríanna Káradóttir sérstaklega upp úr með gullverðlaun í bæði fjölþraut og stökki. Nína Karen Jóhannsdóttir og Eldey Erla Hauksdóttir náðu einnig góðum árangri og unnu til fjölmargra verðlauna. Í 2. þrepi vann Ronja Pétursdóttir til nokkurra verðlauna og í 3. þrepi sigraði Hildur Monika Einarsdóttir fjölþrautina með glæsibrag.

Bikarmót og Íslandsmót

Á Bikarmótinu átti Fimleikadeild Gróttu þrjú keppnislið sem stóðu sig öll afar vel og tryggðu sér meðal annars tvö bronsverðlaun, sem telst glæsilegur árangur í harðri keppni. Á Íslandsmótinu 2024 átti Gróttu þó nokkra iðkendur sem kepptu í unglinga- eða fullorðinsfloknum með mjög góðum árangri. Þar ber sérstaklega að nefna Nönnu Guðmundsdóttur, sem komst í úrslit á tveimur áhöldum og Freyju Hannesdóttur sem hreppti bronsverðlaun í stökki. Einnig áttu Auður Anna Þorbjarnardóttir og Ásdís Erna Indriðadóttir afar gott mót og unnu til margra verðlauna. Í 1. þrepi stóð Eldey Erla Hauksdóttir upp úr með sigur á stökki og gólfi og tók þriðja sæti í fjölþraut en Ása Agnarsdóttir tryggði sér þriðja sætið á stökki. Í 3. þrepi náði Hildur Monika Einarsdóttir þriðja sæti á bæði stökki og slá og Sara Ósk Jónsdóttir varð þriðja á tvíslá.





Aðrir viðburðir og mót

Iðkendur Gróttu létu einnig mikið til sín taka á öðrum mótum á tímabilinu. Á GK-mótinu stóð Ragnhildur Emilía Gottskáldsdóttir sig með mikilli þrýði og stóð uppi sem sigurvegari í fjölþraut og Freyja Hannesdóttir fylgdi fast á hæla hennar og hafnaði í öðru sæti. Á Aðventumóti Ármanns, Mínerfumóti og vinamótum kepptu iðkendur Gróttu á mismunandi aldri og þrepum með góðum árangri. Sérstaklega stóð Sigríður Lára Indriðadóttir upp úr á Aðventumótinu með sigri á öllum áhöldum í sínum flokki. Aðrir iðkendur sýndu frábæran árangur á mótunum. Árangur ársins má að miklu leyti þakka faglegri þjálfun og stuðningi foreldra og þjálfara.



Hópfimleikar

Þjálfarateymið í hópfimleikum var öflugt og skipað tíu þjálfurum: Bergdís Kötlu Birgisdóttur, Bríet Bjarnadóttur, Elínu Lilju Sindradóttur, Halldóri Haffiðasyni, Hildi Arnaldsdóttur, Höllu Steingrímsdóttur, Lindu Ýr Guðrúnardóttur, Lísbet Freyju Ýmisdóttur, Selmu Katrínu Ragnarsdóttur og Tomas Bekkavík. Á keppnistímabilinu tók Gróttu þátt á fjölmörgum mótum í öllum flokkum og sýndi mikinn kraft og metnað.

Mót og aðrir viðburðir

GK-mótið í hópfimleikum fór fram í febrúar 2024, þar sem 2. flokkur Gróttu náði góðum árangri með 6. sæti í sínum flokki. Í maí var Íslandsmótið í hópfimleikum haldið með pomp og prakt í Íþróttahúsi Gróttu. Þjálfarar, starfsmenn og sjálfbóðaliðarnir okkar áttu stóran þátt í þeirri umgjörð og skipulagningu sem fylgir því að halda svona stóran og glæsilegan viðburð. Á mótinu kepptu fjórir flokkar frá Gróttu, þar sem meistaraflokkurinn endaði í 5. sæti og 3. flokkur einnig í 5. sæti. Síðast en ekki síst stóð 2. flokkur sig einstaklega vel og hafnaði í 3. sæti, sem tryggði þeim verðlaunasæti á Íslandsmóti, afar glæsilegur árangur fyrir deildina.

Á Haustmótinu 2024 náðu lið Gróttu glæsilegum árangri, þar sem 3. flokkur lenti í 3. sæti og 1. flokkur varð í 2. sæti. Á sama móti í stökkfimi lenti 4. flokkur í 2. sæti, sem var afar flott niðurstaða.

Árangur ársins 2024 hjá hópfimleikumum endurspeglar bæði mikla elju iðkenda og faglegt starf þjálfara. Með metnaði, gleði og góðum liðsanda heldur hópfimleikadeildin áfram að vaxa og dafna.



Grunnhópar

Grunnhópar fimleikadeildarinnar voru afar virkir á starfsárinu og einkenndist veturinn af fjölbreyttri og skemmtilegri dagskrá. Áhersla var lögð á leikgleði, hreyfingu og jákvæða reynslu af fimleikum frá fyrstu skrefum. Í upphafi haustannar voru haldnir foreldrafundir fyrir alla grunnhópa þar sem farið var yfir góðar venjur og markmið vetrarins auk þess sem foreldrar fengu tækifæri til að kynna starfi deildarinnar nánar.

Vinsælir viðburðir á borð við búningadaga, bangsadaga og fjölbreytta þemadaga nutu mikilla vinsælda meðal iðkenda á árinu.

Elstu iðkendur grunnhópanna, tóku þátt í hinu árlega Ofurhetjumóti Gróttu og Colgate sem er vinamót sem Fimleikadeildin stendur sjálf að. Mótið er einstaklega vinsælt meðal yngstu iðkendanna og margir bíða spenntir allt árið eftir því að fá að taka þátt. Þar fá börnin tækifæri til að sýna það sem þau hafa lært á árinu, þar sem aðaláherslan er lögð á þátttöku og gleði frekar en keppni.

Þá voru haldnar sérstakar foreldraæfingar, þar sem foreldrar og forráðamenn fengu að koma inn í sal og fylgjast með opnum æfingum barna sinna.

Starfsemi grunnhópanna er mikilvæg undirstaða í fimleikadeild Gróttu, þar sem lagður er traustur grunnur að framtíðariðkun með leikgleði og uppbyggilegum samskiptum að leiðarljósi.

Fimleikadeild Gróttu er afar stolt af öllum sínum iðkendum, þjálfurum og aðstandendum sem leggja sitt af mörkum til að skapa jákvætt og öflugt fimleikasamfélag.









Skýrsla handknattleiksdeildar Gróttu

Ávarp formanns

Handboltastarf Gróttu er í miklum blóma eftir öfluga viðspyrnu fyrir nokkrum árum síðan. Í fimmta skipti í sögu handknattleiksdeildar Gróttu teflir félagið fram þremur meistaraflokkum í Íslandsmóti. Karlalið Gróttu í Olísdeildinni leikur í efstu deild Íslandsmótsins með góðum árangri í fyrra og stefnir á að festa sig betur í sessi sem eitt af betri liðum landsins. Þegar þetta er ritað er liðið í 10.sæti Olísdeildar karla. Kvinnalið Gróttu sem hafði undanfarin sex ár leikið í næstefstu deild, Grill 66-deildinni komst í umspil um sæti í Olísdeildinni á vormánuðum. Stelpurnar gerðu sér lítið fyrir og unnu bæði Víking og Olísdeildarlið Aftureldingar í umspilinu og tryggðu sér sæti í deild þeirra bestu. Þegar þetta er skrifað er liðið í 8.sæti Olísdeildar og er í mikilli baráttum um áframhaldandi sæti í efstu deild. Eftir minnisstæða frammistöðu árin 2014-2017 er liðið í uppbyggingarfasa þar sem ungir og efnilegir leikmenn félagsins fá að njóta sín og styrkjast. Í fimmta sinn í sögu félagsins teflir Gróttu fram ungmennaliði sem það leikur í 2.deild Íslandsmótsins og er í 2.sæti deildarinnar þessa dagana. Þar fá ungir og efnilegir leikmenn félagsins tækifæri í fyrsta sinn að leika með meistaraflokki og geta þar þroskast og dafnað sem leikmenn. Í ungmennaliði eru leikmenn gjaldgengir sem eru 21 árs og yngri auk tveggja eldri leikmanna.

Vorið 2024 endað meistaraflokkur karla í 9.sæti Olísdeildarinnar og var hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppnina eftirsóknarverðu. Meistaraflokkur



Ólafur Finnbogason

kvenna endaði í 2.sæti Grill 66-deildarinnar og vann umspilið um sæti í Olísdeildinni. Ungmennalið Gróttu leikur í 2.deild Íslandsmótsins og endaði síðastliðið vor í 2.sæti deildarinnar.

Starf yngri flokka deildarinnar er í frábærum málum og hefur krökkum sem iðka handbolta hjá félaginu fjölgað mikið á seinustu mánuðum. Brýnustu verkefni næstu mánaða er að halda áfram þessum vexti en hlúa á sama tíma áfram vel að þessum frábæru iðkendum okkar og ekki síst þegar kemur á unglingsárin. Risabáttur í því samhengi er að gera litla salinn í íþróttahúsinu að æfingahæfum sal og þurfum við að fá bæjaryfirvöld með okkur í lið til þess. Í dag er hann í raun stórhættulegur sem gerir það að verkum að þjálfarar og leikmenn veigra sér að æfa í salnum. Handknattleiksdeild Gróttu hefur því eingöngu einn góðan æfingasal fyrir öll 52 liðin sem Gróttu teflir fram í Íslandsmótinu, þar af þrjú meistaraflokkslið.

Stjórn handknattleiksdeildar þakkar öllum þeim sem tóku þátt í starfinu fyrir ómetanlegar stundir á síðastliðnu ári.

Sjáumst í Hertz-höllinni !

Ólafur Finnbogason,
formaður handknattleiksdeildar



Starf yngri flokka

Starf yngri flokkanna í handboltanum var viðamiklð á árinu líkt og undanfarin ár. Skráðir iðkendur hjá félaginu í 3. – 9. flokki drengja og stúlkna hefur fjölgað lítillega á milli ári og voru rúmlega 375. Þessi fjölgun endurspeglar kraftinn og metnaðinn í starfi yngri flokka sem hefur verið áberandi undanfarin ár. Þessi fjöldi iðkenda gerir það að verkum að barna- og unglingastarf Gróttu er eitt það fjölmennasta á landinu.

Andri Sigfússon var ráðinn yfirþjálfari í byrjun árs 2024 og tók við starfi Magnúsar Karls Magnússonar sem hafði sinnt starfinu frá hausti 2023.

Grótta hélt fjögur mót í mótarað HSÍ á árinu og gengu þau öll afar vel. Mikil ánægja var meðal foreldra og þjálfara sem mættu á staðinn þar sem mótin einkenndust af metnaði og góðri skipulagningu.

Þetta er fjórða árið sem 9. flokkur er starfandi og má segja að þessi ákvörðun hafi slegið í gegn frá fyrsta degi þar sem iðkendur á leikskólaaldri skemmta sér og læra grunnatriði handboltans í blandi við leiki og fjölbreytta hreyfingu.

Grótta er í samstarfi við KR í fimm flokkum, 4. flokki, 5. flokki, 6. flokki, 7. flokki og 8. flokki og hefur það samstarf gengið vel og standa vonir til að samstarfið eigi eftir að styrkjast enn frekar á komandi árum.

Á haustmánuðum leit út fyrir að ekkert yrði af áframhaldandi samstarfi en að lokum voru allir á því að

halda því áfram. Það sér enginn sér eftir því í dag. Á árinu var farið í átak til að fjölga iðkendum úr vesturbænum sem gekk afar vel, en mikil fjölgun hefur verið á iðkendum hjá KR t.d. í 7. og 8. flokki karla. Tvö lið frá Gróttu komust í bikarúrslit á árinu 2024 en 6. flokkur karla eldri og 6. flokkur kvenna yngri komust alla leið í Laugardalshöllina og mættu feikisterkum andstæðingum. Strákarnir unnu gullið en því miður var silfur niðurstaðan hjá stelpunum en bæði liðin léku vel og geta verið ánægð með sína frammistöðu. Í mars 2025 var komið að bikarúrslitum að nýju og áttum við í Gróttu tvo fulltrúa líkt og árið 2024. Strákarnir í 3. flokki karla og stelpurnar í 6. flokki kvenna eldri voru fulltrúar okkar. 3. flokkur varð bikarmeistari eftir sigur á Val en stelpurnar þurftu að sætta sig við silfur, sömuleiðis gegn Val. Frábær frammistaða hjá báðum flokkum.

Allir flokkar Gróttu að frátöldum 9. flokki tefla fram liði eða liðum í Íslandsmóti í ár og hefur góður árangur náðst yfir heildina. Okkar lið hafa verið fyrirmyndar innan og utan vallar og greinilegt að vel er haldið utan um starfið hjá okkur í Gróttu. Iðkendur félagsins vekja athygli fyrir góða liðsheild og mikla baráttu og þjálfarar fyrir metnað og áhuga. Við getum verið stolt af okkar fólki.

Yfirsýn hefur náðst yfir útistandandi kröfur BUR og hluti þeirra fengist endurgreiddur. Þetta leiðir til þess að auðveldara er að taka rekstrarákvæðanir og nýta fjármuni deildarinnar í þágu iðkenda. Það eru spennandi tímar á Nesinu um þessar mundir og framtíðin björt!



Þýskalandsferð 3. flokks

3. flokkur karla fór í sannkallaða draumaferð til Þýskalands um miðjan júní mánuð 2024. Strákarnir dvöldu fyrstu dagana í Leipzig þar sem þeir æfðu og léku þrjá æfingaleiki við heimamenn. Fyrstu tveir leikirnir voru við jafnaldra strákanna frá Leipzig en seinasti leikurinn var gegn ungmennaliði Leipzig sem leikur í þriðju efstu deild Þýskalands. Leikirnir gengu frábærlega. Okkar strákar léku gríðarlega vel og unnu fyrstu tvo leikina örugglega. Seinasti leikurinn var jafnt allt til loka en þá voru Þjóðverjarnir sterkari. Seinasta daginn í Leipzig bauð atvinnu- og landsliðsmaðurinn Viggó Kristjánsson strákunum heim til sín í grill og spjall. Strákarnir nutu heimsóknarinnar vel og þökkum við Gróttumanninum kærlega fyrir heimboðið.

Seinustu þrjú dagar ferðarinnar voru í Köln þar sem Final 4 í meistardeildinni fór fram í glæsilegri Lanxess-íþróttahöllinni. Þar sáu strákarnir hverja stórstjórnuna á fætur annarri og að lokum Barcelona verða Evrópumeistara.

Ferðin mun án efa skilja eftir ótal minningar enda vel heppnuð ferð hjá strákunum.



Skýrsla stjórnar

Á aðalfundi handknattleiksdeildar Gróttu 2024 var stjórn kosin og hana skipaði Ólafur Finnbogason formaður, Arnkell Bergmann Arnkelsson varaformaður, Erla Gísladóttir gjaldkeri og meðstjórnendurnir Andri Guðmundsson, Harpa Guðfinnsdóttir, Kristbjörg Heiður Olsen, Viggó Kristjánsson og Þórir Jökull Finnbogason. Um áramótin fækkaði um tvo þegar Arnkell og Viggó sögðu sig úr stjórninni. Auk þess sitja Arnar Þorkelsson, Arndís María Erlingsdóttir, Eva Björk Hlökkversdóttir, Hulda Björk Halldórsdóttir, Stefán Ólafur Stefánsson og Sunna Stefánsdóttir í barna- og unglingaráði deildarinnar.

Meistaraflokkar karla

Meistaraflokkur karla lék í efstu deild íslensks handknattleiks, Olísdeildinni tímabilið 2023-2024. Þjálfari liðsins var Róbert Gunnarsson og honum til aðstoðar var Davíð Örn Hlökkversson. Liðið lék vel þrátt fyrir að stigasöfnunin hafi ekki skilað liðinu í úrslitakeppnina en til þess þarf liðið að vera eitt af átta bestu liðum landsins. Liðið endaði í 9.sæti Olísdeildarinnar og var nálægt úrslitakeppnissæti. Sumarið 2024 urðu breytingar á leikmannahópi liðsins er markvörðurinn frábæri Einar Baldvin Baldvinsson söðlaði um og fór til Aftureldingar. Auk hann hurfu fjórir leikmenn á brott en í stað þeirra komu fjórir nýir leikmenn til liðs við Gróttu. Núna í vetur, tímabilið 2024-2025 er Gróttuliðið á svipuðum slóðum í deildinni en hefur færst nær og nær fallsæti. Leikir liðsins hafa verið jafnir og skemmtilegir. Sumir þeirra hafa tapast með minnsta mögulega mun en sama má segja með sigrana. Liðið situr sem stendur í 11.sæti Olísdeildarinnar þegar þetta er skrifað og þarf að leika vel í seinustu tveimur leikjunum til að halda sæti sínu í deildinni. Nokkrir ungir leikmenn í öflugum yngri flokka starfi félagsins hafa fengið tækifæri til að æfa með og leika með meistaraflokki. Þessir leikmenn hafa stimplað sig vel inn í hópinn og greinilegt að við erum virkilega vel sett í framtíðinni enda mikil gróska í yngri flokkum félagsins.

Meistaraflokkar kvenna

Meistaraflokkur kvenna lék í næstefstu deild kvenna, Grill 66-deildinni tímabilið 2023-2024 og hefur verið í baráttu um að komast upp á meðal bestu liða landsins um nokkurra ára skeið. Þjálfari liðsins var Sigurjón Friðbjörn Björnsson. Liðið endaði í 2.sæti

deildarinnar og komst þar af leiðandi í umspil um sæti í Ólísdeildinni. Liðið mætti Víkingi sem endaði í 3.sæti deildarinnar og eftir jafnt og skemmtilegt einvígi voru það okkar konur sem hafði betur og komust í úrslitaeinvígið gegn Ólísdeildarliði Aftureldingar. Eftir stórkostlegt einvígi fór það alla leið í oddaleik í Mosfellsbænum. Þar léku okkar konur á alls oddi og tryggði Gróttu sæti í deild þeirra bestu, Ólísdeildinni. Fáar breytingar urðu á leikmannahópi Gróttu á milli tímabila Soffía Steingrímsdóttir markvörður fór í nám erlendis en að öðru leyti var leikmannahópurinn sá sami. Í nóvember urðu þjálfarbreytingar en Júlíus Þórir Stefánsson tók við þjálfun liðsins eftir að hafa verið aðstoðarmaður Sigurjóns. Davíð Örn Hlöðversson varð sömuleiðis aðstoðarþjálfari liðsins við þessa breytingu. Liðið á þrjá leiki eftir í deildinni þegar þetta er skrifað. Liðið er í 8.sæti deildarinnar og þarf að vinna tvo leikir til að halda í von um áframhaldandi sæti í Ólísdeildinni.

Ungmennalið karla

Handknattleiksdeild Gróttu tefldi fram í fjórða skiptið í röð ungmennaliði karla. Í ungmennaliði eru leikmenn gjaldgengir sem eru 21 árs og yngri. Markmiðið með ungmennaliði Gróttu er að gefa ungum leikmönnum félagsins tækifæri til að spila í meistaraflokki fyrir en ella. Leikmenn félagsins sem hafa ekki drauma til þess að verða afreksmenn í íþróttinni en vilja samt sem áður sinna áhugamálinu sínu geta áfram leikið undir merkjum Gróttu í ungmennaliði. Síðastliðið sumar

varð breyting á reglugerð HSÍ um ungmennalið. Núna mega fleiri eldri leikmenn leika með en að sama skapi þrengir reglugerðin að leikmönnum sem leika lítið með meistaraflokki. Gróttuliðið hefur undanfarin leikið í 2.deildinni en með því móti fá leikmenn í yngri flokkum félagsins fyrir tækifæri að leika með meistaraflokki og eru þá enn tilbúnari undir alvöruna í Ólísdeildinni þegar kallið kemur þangað. Þegar þetta er skrifað er Gróttuliðið í 2.sæti 2.deildar og hefur reynsla ungra leikmanna verið dýrmæt í vetur.

Fjárafilanir og rekstur

Á vormánuðum fóru fram Herrakvöld og Kvenna-kvöld Gróttu. Það eru stórar fjárafilanir fyrir deildina en bæði kvöldin voru unnin í samvinnu við knattspyrnudeildina. Kvöldin heppnuðust vel, bæði félagslega og einnig fjárhagslega. Á 17. júní var Handknattleiksdeild Gróttu með sölubás í Bakkagarði. Á haustmánuðum tóku meistaraflokkarnir að sér að dreifa Morgunblaðiðinu í hús einu sinni í viku í 8 vikur. Við alla þessa viðburði unnu leikmenn meistaraflokka og elstu yngri flokkarnir til að gera viðburðina og fjárafilanirnar að veruleika. Deildin er að leita eftir fleirum og stærra styrktaraðilum til að rekstur deildarinnar standi undir sér. Það er kostnaðarsamt að reka meistaraflokka í handknattleik og algjör grunnkostnaður svo sem ferðlög á leiki, dómgæslukostnaður, þátttökukostnaður, þjálfarakostnaður, sjúkraþjálfun leikmanna og fleira hefur hækkað mikið undanfarin ár.





Verðlaun

Á lokahófi handknattleiksdeildar Gróttu fimmtu-daginn 13. júní komu leikmenn, þjálfarar, stjórn og sjálfboðaliðar og fögnuðu góðu tímabili. Hófið fór fram í hátíðarsal félagsins. Á lokahófinu voru þeir leikmenn verðlaunaðir sem þóttu skara fram úr á tímabilinu. Hjá ungmennaliðinu var Hrafn Ingi Jóhannsson valinn mikilvægasti leikmaðurinn og Gunnar Hrafn Pálsson valinn besti leikmaðurinn. Hjá meistaraflokki kvenna var Katrín Helga Sigurbergsdóttir valinn stríðsmaðurinn, Katrín Anna Ásmundsdóttir efnilegasti leikmaðurinn og Ída Margrét Stefánsdóttir besti leikmaðurinn. Hjá meistaraflokki karla var Ari Pétur Eiríksson valinn efnilegasti leikmaðurinn, Jón Ómar Gíslason var valinn stríðsmaðurinn og Ágúst Ingi Óskarsson valinn besti leikmaðurinn. Þeir leikmenn sem höfuð náð leikjaáföngum fengu verðlaun en þeir leikmenn sem eru komnir í 50 leikjálúbb Gróttu eru: Ída Margrét Stefánsdóttir (51 leikir), Gunnar Dan Hlynsson (54 leikir), Katrín Scheving (67 leikir) og Einar Baldvín Baldvínsson (69 leikir). Þeir leikmenn sem eru komnir í 100 leikjálúbb Gróttu eru: Ari Pétur Eiríksson (104 leikir), Jakob Ingi Stefánsson (105 leikir) og Hrafnhildur Hekla Grímsdóttir (110 leikir). Gróttu óskum þessum verðlaunahöfum til hamingju.

Kjör íþróttamanns og íþróttakonu Gróttu fyrir árið 2024 fór fram í mars 2025. Frá handknattleiksdeild voru Jakob Ingi Stefánsson og Katrín Anna Ásmundsdóttir tilnefnd. Bæði áttu þau frábært ár fyrir Gróttu. Katrín Anna var

að lokum valinn íþróttakona Gróttu en það eru mörg ár síðan handknattleikskona hlaut þau verðlaun síðast. Hrafn Ingi Jóhannsson og Þórður Magnús Árnason voru tilnefndir til íþróttamanns æskunnar og hlaut Hrafn Ingi verðlaunin. Anna Katrín Viggósdóttir og Kristín Fríða Scheving voru tilnefndar til íþróttakonu æskunnar en hlutu ekki nafnbótina að þessu sinni. Hannes Grimm var tilnefndur til þjálfara ársins og Aron Bjarki Arnarsson var valinn sjálfboðaliði Handknattleiksdeildar Gróttu. Að auki fengu Anna Karólína Ingadóttir, Atli Steinn Arnarsson og Bessi Teitsson verðlaun fyrir að hafa leikið í fyrsta skipti fyrir Íslands hönd með yngri landsliðum Íslands. Kjör íþróttamanns og íþróttakonu Seltjarnarness fór fram í lok janúar. Hannes Grimm og Katrín Helga Sigurbergsdóttir voru tilnefnd frá handknattleiksdeild Gróttu en hlutu því miður ekki verðlaunin að þessu sinni. Daníel Þór Þórsson, Sigurvin ElíJónsson, Soffía Helen Sölvadóttir og Þorgerður Anna Grímsdóttir voru útnefnt ungt og efnileg íþróttafólk á Seltjarnarnesi. Að auki fengu Anna Karólína Ingadóttir, Antoine Óskar Pantano, Atli Steinn Arnarsson, Bessi Teitsson og Katrín Anna Ásmundsdóttir verðlaun fyrir að hafa leikið fyrir Íslands hönd á árinu.

Landsliðsfólk

Fjölmargin iðkendur Gróttu voru valdir í landsliðsverkefni, hæfileikamótun, séræfingar HSÍ og handboltaskóla á vegum HSÍ á árinu 2024. Hæst ber að nefna Önnu Karólínu Ingadóttur, Antoine Óskar Pantano, Atla Stein Arnarsson, Bessa Teitsson og Katrínu Önnu

Ásmundsdóttur sem fóru mikinn á árinu. Anna Karólína Ingadóttir og Katrín Anna Ásmundsdóttir léku með U20 ára landsliðinu á æfingamóti í Norður Makedóníu þar sem Íslands bar sig úr bótum. Þær léku síðan aftur í landinu á HM U20 ára landsliða. Þar náði Ísland frábærum árangri og endaði í 7.sæti mótsins. Antoine Óskar lék með U18 ára landsliðinu á æfingamóti í Ungverjalandi í júní. U18 ára liðið með Antoine Óskar innanborðs fór síðan á EM í Svartfjallalandi í júlí. Þar endaði liðið í 4.sæti sem er frábær árangur. Atli Steinn lék með U20 ára landsliðinu í vináttulandsleikjum gegn Færeyingum í júní. Í júlí lék Atli Steinn með U20 ára landsliðinu á EM í Slóveníu. Þar endaði liðið í 7.sæti sem er jöfnun á besta árangri Íslands frá upphafi. Bessi Teitsson var valinn í U19 ára landsliðið sem lék á Sparkassen Cup í Þýskalandi á milli jóla og nýárs. Þar endaði íslenska liðið í 2.sæti eftir spennandi úrslitaleik við Þjóðverja. Í lok árs 2024 var Katrín Anna Ásmundsdóttir valin í íslenska A-landsliðið og lék með því vináttulandsleiki og loks valin í lokahóf landsliðsins á EM sem haldið var í Noregi, Sviss og Austurríki. Gríðarlegur heiður og mikil viðurkenning fyrir Katrínu Önnu sem lék vel með landsliðinu.



Aðstöðumál

Mikil fjölgun og mikill drifkraftur er í starfi handknattleiksdeildar þessi misserin. Flokkarnir stækka og keppnisflokkum fjölga. Stóri keppnissalurinn í Íþróttahúsinu er frábær æfinga- og keppnissalur en hann er því miður ekki nóg. Undanfarna áratugi hefur deildin nýtt litla salinn einnig til æfinga en honum hefur hrakað undanfarin ár. Flokkar félagsins hafa reynt að forðast að æfa í salnum og hafa komist upp með það með því að sameina æfingar og hafa þær í stóra salnum. Ástæðan er gólfíð sem er alltof sleipt enda meira en tveggja áratuga gamall dúkur á gólfinu. Allar æfingar sem snúa að snerpu og stefnubreytingum þurfa að bíða betri tíma þar sem gólfíð er alltof sleipt. Við fögnum hverri meiðslausri æfingaviku en það kemur að því að alvarlegt slys verður í salnum.

Ef við horfum ár eða tvö ár fram í tímann þá þurfa elstu flokkarnir fleiri æfingatíma enda flokkarnir orðnir stærri og þurfa þá að nota litla salinn oftar. Yngstu flokkar handknattleiksdeildar eru mjög fjölmennir og munu æfingatímar flokkanna því fjölga jafnt og þétt næstu árin. Það sem þarf að gera er að skipta um undirlag og það helst í gær.

Við sjáum tvær leiðir í því:

1. Skipta um undirlag og setja parket á litla salinn
2. Setja parket á og stækka litla salinn þannig að salurinn verði í fullri breidd fyrir handknattleiksíðkun en lengdin áfram skert (20x30 m). Það þarf að taka helminginn af stúkunni (eða alla stúkuna) og þar með minnka og skipuleggja áhaldageymslur betur. Handknattleiksdeild Gróttu mælir með að leið tvö verði fyrir valinu enda er horft til framtíðar við það val. Afreksflokkar félagsins gætu æft í litla salnum og yngri flokkar gætu æft þar án áhættu á meiðslum og æft alla þætti handknattleiks.

Ef horft er á stóru myndina þá er litli salurinn notaður í meira en bara æfingar hjá handknattleiksdeild Gróttu. Salurinn er einnig notaður fyrir íþróttakennslu og fyrir útleigu á kvöldin og um helgar. Litli salurinn verður mun áhugaverðari til útleigu ef það yrði sett parket á gólfíð og hann yrði stækkaður lítillega.

Næstu verkefni og áskoranir handknattleiksdeildar Gróttu eru að halda áfram að fjölga iðkendum í yngri flokkunum. Nokkrir árgangar eru fámennir og vonandi mun tíminn hjálpa okkur að stoppa í þau göt. Á sama tíma er mikilvægt að viðhalda og bæta í gæði þjálfunar og þjálfara hjá deildinni. Það er mikilvægt að halda vel undan um þá styrktaraðila sem styrkja deildina og fjölga þeim. Seltjarnarnesbær er öflugasti styrktaraðili deildarinnar og færum við þeim bestu þakkir. Að lokum viljum við þakka ÍTS, styrktaraðilum fyrir öflugan stuðning við deildina. Starfsmönnum skrifstofu Gróttu og íþróttahússins, og öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðu okkur lið þökkum við ómetanlega hjálp.



Mannauður

Stjórn

Ólafur Finnbogason - formaður	Harpa Guðfinnsdóttir
Andri Guðmundsson	Kristbjörg Heiður Olsen
Arnkell Bergmenn Arnkelsson	Viggó Kristjánsson
Erla Gísladóttir	Pórir Jökull Finnbogason

Stjórn barna- og unglingaráðs

Hulda Björk Halldórsdóttir	Eva Björk Hlöðversdóttir
Arnar Þorkelsson	Sunna Stefánsdóttir
Arndís María Erlingsdóttir	Stefán Ólafur Stefánsson

Þjálfarar árið 2024

Meistaraflokkur karla

Starfsaldur (ár)
hjá Gróttu

Aðalþjálfari	Róbert Gunnarsson	3
Aðstoðarþjálfari	Davíð Örn Hlöðversson	20
Styrktarþjálfari	Ægir Steinarsson	10
Sjúkraþjálfari	Stefán Arnar Einarsson	2
Læknir	Sigurður Benediktsson	3
Liðsstjóri	Filip Andonov	6

Meistaraflokkur kvenna

Starfsaldur (ár)
hjá Gróttu

Aðalþjálfari	Júlíus Pórir Stefánsson	1
Aðstoðarþjálfari	Davíð Örn Hlöðversson	20
Markmannsþjálfari	Íris Björk Símonardóttir	4
Styrktarþjálfari	Ægir Steinarsson	10
Sjúkraþjálfari	Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir	6
Sjúkraþjálfari	Aron Óskar Þorleifsson	1
Liðsstjóri	Katrín Viðarsdóttir	1

Ungmennalið karla		Starfsaldur (ár) há Gróttu
Aðalþjálfari	Andri Sigfússon	18
Aðstoðarþjálfari	Hannes Grimm	10

Yngri flokkar	Þjálfari	Menntun	Starfsaldur (ár) há Gróttu
3.fl. karla	Andri Sigfússon	B.Sc. Íþróttافرæðingur	18
3.fl. kvenna	Einar Örn Jónsson	Diplóma í stjórnmálafræði	2
4.fl. karla	Hannes Grimm	Háskólanemi	10
4.fl. kvenna	Patrekur Pétursson Sanko	Menntaskólanemi	7
4.fl. kvenna	Eva Björk Hlöðversdóttir	B.Sc. í Uppeldis-og menntunarfræðum	5
5.fl. karla	Andri Sigfússon	B.Sc. Íþróttافرæðinguri	8
5.fl. kvenna	Patrekur Pétursson Sanko	Menntaskólanemi	7
6.fl. karla	Hannes Grimm	Háskólanemi	10
6.fl. kvenna	Ari Pétur Eiríksson	Menntaskólanemi	6
7.fl. karla	Kristján Geir Þorsteinsson	B.Sc. Íþróttافرæðingur	5
7.fl. karla Grótta/KR	Antoine Óskar Pantano	Framhaldsskólanemi	4
7.fl. kvenna	Arndís María Erlingsdóttir	B.Ed. Grunnskólakennarafræði	15
7.fl. kvenna Grótta/KR	Arna Katrín Viggósdóttir	Menntaskólanemi	1
8.fl. karla	Andri Sigfússon	B.Sc. Íþróttافرæðingur	18
8.fl. karla Grótta/KR	Antoine Óskar Pantano	Framhaldsskólanemi	4
8.fl. kvenna	Ari Pétur Eiríksson	Menntaskólanemi	6
8.fl. kvenna Grótta/KR	Arna Katrín Viggósdóttir	Menntaskólanemi	2
9.flokkur	Eva Björk Hlöðversdóttir	B.Sc. í Uppeldis-og menntunarfræðum	5
Markmannsþjálfun	Sigtryggur Albertsson	Háskólanemi	8
Styrktarþjálfun	Ægir Steinarsson	B.Sc. Íþróttافرæðingur	10
Afreksæfingar	Alfreð Örn Finnsson	Mag. theol. í guðfræði	10

Aðstoðarþjálfarar

Anna Margrét Alfreðsdóttir	9. flokkur
Anna Karólína Ingadóttir	7. og 8. fl. kvenna
Antoine Óskar Pantano	5. fl. karla
Arna Katrín Viggósdóttir	7.fl. karla
Aron Bjarki Arnarsson	9. flokkur
Aþena Mist Guðmundsdóttir	7. og 8. fl. kvenna
Bessi Teitsson	6. fl. karla
Gísli Örn Alfreðsson	6. fl. karla
Gísli Þór Pálsson	8. fl. karla
Hannes Pétur Hauksson	7.og 8. fl. karla Grótta/KR
Helgi Skírniir Magnússon	6. fl. karla



Jóhann Óskar Jóhannsson	4. fl. karla
Jón Bjarni Pálsson	7. og 8. fl. karla
Katrín Anna Ásmundsdóttir	5. fl. kvenna
Katrín Arna Andradóttir	6. fl. kvenna
Kári Benediktsson	7. og 8. fl. karla Gróttta/KR
Kristján Ólafur Gíslason	8. fl. karla
Mikki Pantano	8. fl. kvenna og 7. og 8. fl. karla Gróttta/KR
Nína Vala Ásgeirsdóttir	7. fl. kvenna
Oliver Örtenblad Bergmann	7. og 8. fl. karla
Sigurður Halldórsson	8. fl. karla
Soffía Helen Sölvadóttir	7. fl. kvenna
Sóley Lind Pálsdóttir	9. flokkur
Sverrir Arnar Hjaltason	6. fl. kvenna
Theodór Emil Kárasón	8. fl. karla
Tómas Orri Ólafsson	7. fl. kvenna
Þorgerður Anna Grímsdóttir	7. fl. kvenna og 9. flokkur
Þórður Magnús Árnason	7. fl. karla

Starfsmenn

Yfirþjálfari

Andri Sigfússon

Verkefnastjóri

Patrekur Pétursson Sanko





VIVALDI

GRO

1967





Skýrsla knattspyrnudeildar Gróttu

Ávarp formanns

Kæra Gróttufólk,

Þegar litið er yfir farinn veg og starfsemi knattspyrnu-
deildar árið 2024 má segja að um ár breytinga hafi
verið að ræða. Deildin tók stór skref í átt að betra innra
skipulagi og auknum faglegum áherslum með ráðningu
Magnúsar Helgasonar í starf yfirmanns knattspyrnumála
á vormánuðum. Á árinu kvöddum við aðalþjálfara beggja
meistaraflokka félagsins. Matthíasi Guðmundssyni
bauðst eftir lok keppnistímabilsins að taka við sem aðal-
þjálfari meistaraflokks kvenna hjá Val og Chris Brazell lét
af störfum undir lok síðasta sumars hjá meistaraflokki
karla. Báða þjálfara kveðjum við með virktum og færum
þeim þakkir fyrir vinnu þeirra og framlag í þágu félagsins.
Við meistaraflokkunum hafa tekið Dominic Ankers og
Rúnar Páll Sigmundsson. Paul Westren heldur áfram í
starfi sínu sem yfirþjálfari, með breyttum áherslum, og
hefur fengið til liðs við sig Hansínu Þóru Gunnarsdóttur
sem deilir með honum ábyrgðinni á starfi yngra flokka.
Það hafa því vægast sagt verið miklar breytingar á árinu
og mikil tilhlökkun að fylgjast með þessum öfluga hópi
þjálfara og starfsmanna leiða starf deildarinnar.

Á haustmánuðum var okkur tilkynnt að KR-ingar hefðu
ákveðið að slíta samstarfi milli félaganna um rekstur 4.,
3. og 2. flokks kvenna. Er það samdóma álit okkar sem
að starfinu koma að það sé miður að nágrennar okkar
í KR hafi ákveðið að halda ekki áfram samstarfinu og
að eftirsjá verði af því. Hefur samstarfið borið ríkulegan
ávöxt í gegnum tíðina sem felst fyrst og fremst í að hafa
getað haldið úti æfingum og keppnisliðum í öllum yngri
floknum kvenna þar sem eins mörgum iðkendum og
hægt er stóðu til boða verkefni við hæfi.



Segja má að hlutskipti meistaraflokka félagsins hafi verið
ólíkt í ár. Börðust liðin á sitthvorum enda Lengjudeildanna,
þar sem kvennaliðið var í toppbaráttu en karlaliðið í
fallbaráttu. Fóru leikar svo að kvennaliðið endaði í þriðja
sæti eftir æsispennandi lokakafli á baráttunni um sæti
í efstu deild en karlaliðið lauk aftur á móti leik í 11. sæti
deildarinnar og niðurstaðan því fall niður í 2. deild. Það
eru mikil vonbrigði að horfa á eftir liðinu niður um deild,
eftir sex ára samfellda veru í efstu tveimur deildunum.
Leikmenn og þjálfarar sem tekið hafa þátt í verkefninu á
undanförnum árum geta verið stoltir af árangri liðsins, en
um er að ræða langlengstu samfellda veru í efri deildum
í sögu Gróttu. Með nýjan mann í brúnni er stefnan sett
á að komast aftur upp um deild, ásamt því að huga að
uppbyggingu leikmannahópsins með langtíamarkmið
í huga.

Eftir nokkuð stöðuga fjölgun í barna- og unglingsstarfinu
á undanförunum árum virðist sem ákveðnu jafnvægi sé
náð, að minnsta kosti í bili. Á þessum vettvangi hefur því
áður verið haldið fram að á vegum knattspyrnudeildar
sé rekið umfangsmesta og mikilvægasta forvarnar-
og æskulýðsstarf á Seltjarnarnesi. Það byggir ekki á
nákvæmum vísindalegum rannsóknum, en hverjum má
þykja sinn fugl fagur. Það er í það minnsta ekki mjög fjarri
lagi.

Það komu stórar fréttir erlendis frá á árinu 2024. Bæði
Hákon Rafn og Orri Steinn höfðu vistaskipti og fluttu
sig milli landa. Hákon Rafn fór til Brentford sem spilar í
ensku úrvalsdeildinni og Orri Steinn til Real Sociedad
sem spilar í spænsku úrvalsdeildinni. Báðir eru þeir vel



að vistaskiptunum komnir, og er metnaður þeirra, áræðni og þrotlaus vinna að skila sér í því að þeir eru farnir að leika á stærstu sviðum knattspyrnunnar. Þá gerði nýr landsliðsþjálfari Orra Stein að nýjum landsliðsfyrirlíða sem sætir tíðindum enda Orri rétt rúmlega tvítugur.

Báðir eru þeir frábærar fyrirmyndir yngri kynslóðarinnar og var afar ánægjulegt að verða vitni að heimsókn Orra Steins á Vivaldivöllinn síðasta haust, þar sem krakkarnir stóðu í löngum röðum eftir að fá eiginhandarítanir og mynd. Báðum færi ég fyrir hönd deildarinnar hamingjuóskir með árangurinn og vistaskiptin. Emelía Óskarsdóttir hafði flutt sig til dönsku meistaranna í HB Køge í lok síðasta árs, þar sem hún fór vel af stað, en varð fyrir því óláni að slíta krossband í sumar. Tómas Johannessen er svo búinn að ljúka sínu fyrsta ári hjá AZ Alkmaar í Hollandi og hlökkum við til að fylgjast með þróuninni á hans ferli þar.

Þann 17. september 2024 var stórt skarð hoggjóð í starf félagsins, en þá lést Valdimar Ólafsson eftir nokkra baráttu við erfið veikindi. Valdi tengdist félaginu allt frá stofnun þess og hafði frá árinu 2016 verið vallarstjóri á Vivaldi-

velli. Valdi hafði einstakt lag á að láta börnunum líða vel í vallarhúsinu þar sem þau voru alltaf velkomin og heitt kakó á boðstólnum þegar kalt var í veðri. Við minnumst Valda með hlýhug og af söknuði.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar knattspyrnudeildar þakka öllu því frábæra fólki sem lagði lóð sitt á vogarskálarnar á liðnu ári. Félag eins og Gróttá er ekkert nema fólkið sem við kemur starfinu á einn eða annan hátt, hvort sem það eru iðkendur og leikmenn, þjálfarar, stuðningsmenn, foreldrar, styrktaraðilar eða aðrir sjálfboðaliðar. Félagið verður að reyna að hlúa að öllu þessu góða fólki þannig að hér verði áfram rekið blómlegt starf í knattspyrnudeild.

Þorsteinn Ingason,
formaður knattspyrnudeildar



Árangur ársins

Barna- og unglíngastarf

Að baki er viðburðaríkt ár í yngra flokka starfinu. Iðkendur voru um 350 talsins í 2.-8. flokki karla og kvenna. Knattspyrnskóli Gróttu stóð fyrir námskeiðum í júní og júlí, sem nutu góðrar aðsóknar. Stjórn knattspyrnskólans var í góðum höndum Gríms Inga Jakobssonar sem bæði leikur fyrir meistaraflokk karla Gróttu og þjálfar yngri flokka. Í ágúst bárust tíðindi þess efnis að Knattspyrnudeild KR hefði ákveðið að slíta samstarfi félaganna í 2., 3. og 4. flokki kvenna.. Gróttá tók strax ákvörðun um að halda ótrauð áfram og starfrækja alla yngri flokka kvenna, enda ríkur vilji til frekari uppbyggingar kvennknattspyrnu hjá félaginu.

Því miður náðist ekki í lið í 3. flokki kvenna en stelpurnar í 4. flokki leika sumarið 2025 undir merkjum Gróttu/Selfoss með stóllum sínum af Suðurlandinu. A- og C-lið eru skráð til keppni svo að sem allra flestar fái verkefni við hæfi í Íslandsmótinu. Þá teflir Gróttá fram 2. flokki kvenna með félagslegri áherslu en frá því í byrjun mars hefur verið boðið upp á Gellubolta þar sem stelpur á menntaskólaaldri hafa verið boðnar velkomnar að mæta á skemmtilegar æfingar.

Tveir þjálfarar fóru áfram með yfirþjálfun yngri flokka; Paul Western, sem hefur gegnt stöðunni frá 2022 við

góðan orðstír, og Hansína Þóra Gunnarsdóttir, sem kom af krafti inn sem yfirþjálfari um haustið. Á árinu stigu ungir leikmenn sín fyrstu skref í meistaraflokki, og voru jafnframt nokkrir iðkendur valdir til að æfa og spila með yngri landsliðum Íslands.

Meistaraflokkur kvenna

Besti árangur frá upphafi

Meistaraflokkur kvenna lék í Lengjudeildinni í sumar eftir glæsilegan árangur í deildinni árinu áður, þar sem liðið var hársbreidd frá því að komast upp í Bestu deildina. Markadrottningarnar Ariela Lewis og Hannah Abraham yfirgáfu Nesið en að öðru leyti urðu litlar breytingar á hópnum. Það hefur einmitt verið talinn einn af styrkleikum liðsins að sterkur kjarni þess hefur spilað lengi saman. Gróttukonur fengu góðan liðsstyrk úr ýmsum áttum en markmaðurinn Margrét Rún Stefánsdóttir gekk til liðs við Gróttu frá Tindastól, Díana Ásta Guðmundsdóttir kom frá Augnabliki, Elvý Rut Búadóttir frá Fjölni og Hildur Björk Búadóttir frá Val. Þá fengu þær einnig liðsstyrk að utan frá hinni kanadíska Emily og brasilíska Franciele, en þær urðu báðar fyrir því óláni að slíta krossband á Vivaldivellinum um mitt sumar. Þá bættust við í hópinn Kolbrá Una Kristinsdóttir á láni frá Val, Madelyn Robbins frá Kanada og Tara Jónsdóttir á láni frá Víking. Gróttuliðið fór í vel heppnaða æfingaferð til Spánar í mars og fóru stelpurnar vel stemmdar inn í sumarið.



Gróttukonur byrjuðu Lengjudeildina vel og þegar Íslandsmótið var hálfnað var liðið í þriðja sæti. Þrír sigurleikir í röð í lok júlí og byrjun ágúst gerðu það að verkum að Gróttá gat með sigri á Framkonum í 16. umferð stigið með annan fótinn upp í úrvalsdeild. Því miður virðist taugaspennan hafa verið of mikil, Fram vann öruggan sigur og komst því í bílstjórásætið fyrir síðustu tvo leikina. Gróttá sýndi mikinn styrk, vann báða sína leiki í lokaumferðunum en þurfti að treysta á að Fram myndi tapa stigum. Það varð ekki raunin - Fram og Gróttá enduðu jöfn að stigum en Framkonur með betri markatölur og fylgdu því FHL upp í Bestu deildina.

Gróttukonur geta þó verið stoltar af árangrinum sem var sá besti í sögu kvennaliðs Gróttu. Liðið hefur aldrei endað jafn ofarlega í Lengjudeildinni og fengið jafn mörg stig og í ár.

Á lokahófi meistaraflokkanna voru veittar ýmsar viðurkenningar. Kolbrá Una Kristinsdóttir var valin besti leikmaðurinn og Rebekka Sif Brynjarsdóttir sú efnilegasta. Mikilvægasti leikmaðurinn var Sigrún Ösp Aðalgeirsdóttir, leikmaður leikmannanna Jórunn



María Bachmann Þorsteinsdóttir, Kolbrá Una mesti naglinn og að lokum hrepti Vivaldivöllurinn titilinn hrökkbrauð ársins. Arnfríður Auður Arnarsdóttir var markahæsti leikmaður Gróttu með níu mörk.

Að tímabilinu loknu urðu breytingar á þjálfarateymi meistaraflokks kvenna en í lok október gerði Valur samkomulag við Gróttu um að Matthías Guðmundsson myndi taka kvennaliði þeirra. Við munum sakna Matta en fögnum því um leið að Gróttá haldi áfram að bjóða leikmönnum og þjálfurum upp á vettvang þar sem fólk getur vaxið og eflst og tekið skref upp á næstu stig knattspyrnuunnar. Knattspyrnudeild Gróttu óskar Matta velfarnaðar í nýju starfi.

Dominic Ankers hefur verið ráðinn sem aðalþjálfari meistaraflokks kvenna. Dom, sem er 29 ára gamall Englendingur, kom til Gróttu sumarið 2021 og hefur síðan þá verið aðstoðarþjálfari í báðum meistaraflokkunum og þjálfað 2. og 5. flokk karla. Dom er með B.Sc gráðu í íþróttavísindum frá Loughborough háskóla og þjálfaði m.a. í akademíu Norwich City og þróunarhópa hjá Derby County og Cambridge United. Melkorka Katrín Flygenring Pétursdóttir heldur áfram sem aðstoðarþjálfari og hefur jafnframt tekið yfir sem styrktarþjálfari meistaraflokks kvenna. Melkorka kláraði nýverið meistaranám í sjúkraþjálfun og hefur lokið UEFA B þjálfararéttindum. Þá var Guðni Snær Emilsson ráðinn sem aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna hjá Gróttu en hann hefur í áramörðum þjálfað hjá Víking R. Guðni er klínískur sálfræðingur og með UEFA B og UEFA Youth B þjálfararéttindi.

Meistaraflokkur kvenna þakkar fyrir stuðninginn í sumar og hlakkar til að sjá sem flesta á vellinum í Lengjudeildinni á næsta ári.

Meistaraflokkur karla

Langt frá sínu besta

Meistaraflokkur karla lék í Lengjudeildinni í ár og var kjarni Gróttuliðsins hinn sami og síðustu ár. Liðið fékk einnig góðan liðsstyrk fyrir tímabilið. Þeir Valdimar Daði og Eirik Brennhaugen gengu til liðs við Gróttu snemma síðasta vetur og síðar bættist við hinn ungi og efnilegi Kristján Oddur og Hollendingurinn Damian Timan. Þá kom Tómas Orri á láni til Gróttu frá Breiðablik og Alex Bergmann gekk til liðs við félagið

frá Njarðvík. Í félagaskiptaglugganum í júlí fékk Gróttta svo mikinn liðsstyrk þegar hinn reynslumikli Rasmus Christiansen bættist í hópinn.

Gróttta hóf tímabilið í Lengjudeildinni vel og voru strákarnir taplausir þar til í sjöundu umferð. Þá fór að halla verulega undir fæti hjá liðinu sem tapaði sjö leikjum í röð! Sigur á Grindavík í 14. umferð gaf von um nýtt upphaf en því miður fóru hlutirnir í sama farið á ný. Í byrjun ágúst var Chris Brazell þjálfara liðsins sagt upp störfum og lauk þar með tæplega fimm ára starfi Chris hjá félaginu. Igor Bjarni Kostic tók við stjórnartaumunum og stýrði síðustu fimm leikjum tímabilsins en stigasöfnun batnaði ekki og niðurstaða sumarsins gífurleg vonbriðgi: Næst neðsta sæti deildarinnar og fall niður í 2. deild en þar hefur Gróttta ekki spilað síðan árið 2018. Grótttumenn, þjálfarar, leikmenn og stjórn, eru ekki af baki dottirnir og ætla að snúa hratt við blaðinu og komast rakleiðis aftur upp í Lengjudeildina næsta sumar. Það var þó ýmislegt jákvætt við sumarið hjá Grótttumönnum, m.a. að þeir Kristófer Orri Pétursson og Arnar Þór Helgason spiluðu sinn 150. leik fyrir Grótttu og eru þar með fjórði og fimmti leikjahæstu leikmenn félagsins. Hinir ungu Birgir Davíðsson Scheving og Kristján Oddur Kristjánsson spiluðu sína fyrstu meistaraflökssleiki og hinn tvítugi Ragnar Björn Bragason stimplaði sig á skemmtilegan hátt inn í hópinn eftir að hafa glímt við þrálát meiðsli í 2. flokki.

Á lokahófi meistaraflökanna var kosið um ýmis verðlaun. Gabríel Hrnannar Eyjólfsson var valinn besti leikmaðurinn og Kristján Oddur Bergm. Haagensen sá efnilegasti. Rasmus Steenberg Christiansen var kosinn mesti naglinn, Kristófer Orri Pétursson mikilvægasti leikmaðurinn, Kristófer Melsted leikmaður leikmannanna og Damian Timan hrökkbrauð ársins. Gabríel Hrnannar Eyjólfsson og Pétur Theodór Árnason voru markahæstu leikmenn liðsins með fimm mörk hvor.

Um miðjan nóvember skrifaði Rúnar Páll Sigmundsson undir þriggja ára samning um að þjálfa meistaraflök karla hjá Grótttu. Rúnar Páll er knattspyrnuáhugafólki að góðu kunnur en hann þjálfaði lið Stjörnunnar í rúmlega sjö ár og Fylki í þrjú. Stjarnan varð Íslandsmeistari undir stjórn Rúnars sumarið 2014, bikarmeistari 2018 og lék fjölda Evrópuleikja. Rúnar Páll er fimmtugur, fæddur og uppalinn Garðbæingur. Hann er íþróttfræðingur að mennt og lauk UEFA Pro þjálfaragráðu hjá sænska knattspyrnusambandinu árið 2018. Þorsteinn Ingason, formaður stjórnar, fagnar komu Rúnars í Grótttu: „Það er óhætt að segja að við séum himinlifandi með komu Rúnars Páls á Nesið. Við reyndum eftir fremsta megni að vanda til verka við ráðningu á nýjum þjálfara enda eru mikilvægir tímar framundan hjá karlaliði Grótttu - við ætlum okkur aftur upp í Lengjudeildina en um leið byggja upp lið sem getur gert sig gildandi þar á næstu árum. Með Rúnari kemur mikil orka og drifkraftur og við hlökkum til að fylgjast með honum aðlagast og setja sinn



svip á Gróttusamfélagið? Þá hefur Paul Western verið ráðinn aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla en hann er Gróttufólki góðkunnugur. Paul tók við starfa yfirþjálfara knattspyrnudeildar Gróttu haustið 2022 en hann hefur komið víða á sínum ferli, t.d. var hann aðstoðarskólastjóri Craig Bellamy Academy í Sierra Leone, yfirþjálfari Chelsea-akademíu í Kína og stýrði akademíu í Lesótó í Afríku.

Meistaraflokkur karla þakkar fyrir stuðninginn í sumar og hlakkar til að sjá sem flesta á vellinum í 2. deildinni á næsta ári.



Mannauður

Stjórn knattspyrnudeildar	Titill	Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Þorsteinn Ingason	Formaður	Lögmaður	9
Harpa Frímannsdóttir	Varaformaður/ Meistaraflokksráð kvenna	Kennari með meistargráðu í lestrarfræðum	7
Ingvi Arnar Sigurjónsson	Gjaldkeri	Rekstrar- og markaðsfræðingur	1
Helgi Héðinsson	Meðstjórnandi/ Barna- og unglingaráð	Cand.psych gráða í sálfræði	3
Hildur Ólafsdóttir	Meðstjórnandi/ Barna- og unglingaráð	Verkfræðingur, PhD hagnýt stærðfræði	6
Kristín Huld Þorvaldsdóttir	Meðstjórnandi/ Meistaraflokksráð kvenna	MSc í stjórnun og stefnumótun	5
Stefán Bjarnason	Meðstjórnandi/ Meistaraflokksráð kvenna	Byggingarverkfræðingur	3



Þorsteinn Ingason



Harpa Frímannsdóttir



Ingvi Arnar Sigurjónsson



Helgi Héðinsson



Hildur Ólafsdóttir



Kristín Huld Þorvaldsdóttir



Stefán Bjarnason

Nefndir (utan stjórnar)	Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Meistaraflokksráð karla		
Bjarni Rögnvaldsson	Viðskiptafræðingur	3
Benedikt Bjarnason	Viðskiptafræðingur	1
Benedikt Freyr Jónsson	Upplýsinga- og fjölmiðlafræðingur	1
Jóhann Óskar Jóhannsson	Hagfræðingur	2
Einar Gylfi Harðarson	Hagfræðingur	1
Viktor Orri Pétursson	Viðskiptafræðingur	1
Aron Bjarki Jósepsson	Líffræðingur	1

Barna og unglingaráð		
Kristófer Melsted	Viðskiptafræðingur	1
Jórunn María Bachmann Þorsteinsdóttir	Lögfræðingur	12

Starfsmenn

Starf	Starfsmaður	Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Yfirmaður knattspyrnumála	Magnús Örn Helgason	B.Sc í Íþróttfræði, UEFA Pro þjálfaragráða	12
Samfélagsmiðlastjóri	Jórunn María Bachmann Þorsteinsdóttir	Meistaragráða í lögfræði	12
Styrktarþjálfari yngri flokka	Ægir Steinarsson	BSc íþróttfræði	7
Vallarstjóri	Hlynur		1
Vallarstarfsmaður	Bodgan		1

Þjálfarar meistaraflokka

Meistaraflokkur kvk		Menntun	Starfsaldur (ár)
Aðalþjálfari	Dominic Ankers	Level 2 / Level 2 Youth / 3 BSc in Sport & Exercise Science	4
Aðstoðarþjálfari og styrktarþjálfari	Melkorka Katrín Flygenring Pétursdóttir	UEFA B og MSc í sjúkraþjálfun	2
Aðstoðarþjálfari	Guðni Snær Emilsson	Klínískur sálfræðingur. UEFA B, UEFA Youth B þjálfaragráður.	1
Markmannsþjálfari	Aron Logi Sigurpálsson	KSÍ C	1
Osteopati	Viktor Bonometti	MSc Osteopathy	3
Sjúkraþjálfari	Alex Mar Bjarkason	MSc í sjúkraþjálfun	1

Meistaraflokkur kk		Menntun	Starfsaldur (ár)
Aðalþjálfari	Rúnar Páll Sigmundsson	Íþróttافرæðingur, UEFA Pro. UEFA-B, Youth Awards, Talent ID 3 L1 (English FA).	1
Aðstoðarþjálfari	Paul Westren	Currently studying for UEFA A & UEFA Elite Youth A (Scottish FA). BA Hons Communication Studies, Diploma in Marketing, PG Cert Teaching & Learning	4
Styrktarþjálfari	Hilmar Andrew McShane	BSc gráða í íþróttافرæði og KSÍ C	2
Osteopati	Viktor Bonometti	Osteopati	3
Markmannsþjálfari	Aron Logi Sigurpálsson	KSÍ C	1



Þjálfarar yngri flokka

Þjálfari	Menntun	Flokkur	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Hansína Þóra Gunnarsdóttir	BSc íþróttافرæði, KSÍ C 1	Yfirþjálfari	4
Alma Sól Valdimarsdóttir	Nemi í íþróttافرæðum, KSÍ B4 og ÍSÍ þjálfari 1	6.-7.fl.kv	1
Arnar Þór Axelsson	UEFA-A og stúdentspróf	2. fl.ka	12
Dominic Ankers	Level 2 / Level 2 Youth / BSc in Sport & Exercise Science	5. fl.ka, 4. fl.kv, mfl.kv	4
Grímur Ingi Jakobsson	Nemi	4. fl.ka	2
Haraldur Ingi Ólafsson	BSc íþróttافرæði, UEFA B	3. fl.ka, 6. fl.ka	2
Jóhann Egill Jóhannsson	Nemi	4. fl.ka, 5. fl.kv	3
Magnús Örn Helgason	B.Sc í íþróttافرæði, UEFA Pro þjálfaragráða	4. fl.kv	12
Melkorka Katrín Flygering Pétursd.	UEFA B og BS í sjúkrapþjálfun	4. fl.kv	2
Þorsteinn Halldórsson	UEFA-B og KSÍ A1, B.Sc í íþróttافرæði og heilsufræði	3. fl.kv, 5. fl.ka, 7. fl.ka, 8. fl	3
Margrét Rán Rúnarsdóttir	Nemi í verkfræði - KSÍ C 1	6. fl.kv, 7. fl.kv	6
Hafþór Bjarki Guðmundsson	KSÍ C og Einkapþjálfari	4. fl.ka, 5. fl.kv, 5. fl.ka, 7. fl.ka	1
Sigurgeir Andri Ágústsson	BSc í íþróttافرæði og heilsufræði - KSÍ C	5. fl.kv, 6. fl.kv, 7. fl.kv, 7. fl.ka, 8. fl	1
Stefán Óli Hallgrímsson	KSÍ Grunnnámskeið markmanskþjálfunar - Nemi í íþróttافرæðum	Markmannsþjálfari yngri flokka	1
Rebekka Brynjarsdóttir	Nemi	8.fl	2
Tómas Þór Þrastarson	Nemi	8.fl	2
Agnar Guðjónsson	Stúdentspróf	8.fl	3
Kristján Tómas Björnsson	Nemi	6. fl.kv, 6. fl.ka, 8. fl	2
Jóhanna Elísabet Guðjónsdóttir	Nemi	8.fl	1
Árelía Dröfn Daðadóttir	Nemi	8.fl	1
Birgir Davíðsson Scheving	Nemi	8.fl	1
Ragnar Eiríksson	Nemi í íþróttافرæðum	7. fl.kv, 8. fl	1
Þórir Örn Hafsteinsson	Nemi í íþróttافرæðum	7. fl.ka	1
Björn Andri Hilmarsson	Stúdentspróf	7. fl.ka	1
Saga Daníelsdóttir	Nemi	7. fl.ka	1
Daníel Þór Þórsson	Nemi	6. fl.kv	1
Kristjón Þórðarson	Nemi	6. fl.ka	1

Iðkendur

Flokkur	Fæðingarár	Fjöldi (stelpur)	Fjöldi (strákar)
2. flokkur	2006	0	4
2. flokkur	2007	2	4
2. flokkur	2008	2	8
3. flokkur	2009	4	12
3. flokkur	2010	0	14
4. flokkur	2011	5	11
4. flokkur	2012	13	25
5. flokkur	2013	20	12
5. flokkur	2014	16	23
6. flokkur	2015	8	16
6. flokkur	2016	6	17
7. flokkur	2017	12	16
7. flokkur	2018	13	24
8. flokkur	2019	13	16
8. flokkur	2020	7	16
8. flokkur	2021	5	6
		126	224

Aðstaða

Eftir nokkurra ára bið eftir endurnýjun á gervigrasi á Vivaldivellinum er loks komið að framkvæmdum. Aðalvöllurinn verður klár í byrjun júní sem er því miður aðeins á eftir áætlun en samkvæmt plani átti lokadagur framkvæmda að vera 26. maí.

Endurnýjun gervigrass var boðin út í janúar og tilboði fyrirtækisins Metatron var tekið. Framkvæmdunum hefur fylgt töluvert rask en þjálfarar deildarinnar hafa unnið þrekvirki við að halda æfinga- og leikjaplani því sem næst órofa meðan á framkvæmdum hefur staðið.

Samhliða endurnýjun gervigrassins var sett upp sjálfvirkt vökvunarkerfi fyrir aðalvöll. Grafnar voru niður lagnir meðfram vellinum og komið fyrir sex stútum í jaðri vallarins sem munu ná að dreifa vatni um allan völl. Þetta er sama kerfi og þekkist á helstu völlum landsins. Þetta er gríðarleg búbot fyrir knattspyrnuíðkendur og kemur til með að auka endingartíma og gæði gervigrassins, minnka meiðslahættu og síðast en ekki síst þá geta sjálfboðaliðar beitt kröftum sínum í

annað en að draga slöngur um allan völl fyrir kappleiki. Stjórn- og lagnabúnaði kerfisins er komið fyrir í gámi neðan við bílastæði norðan við æfingavöll. Á sama svæði verður geymsla fyrir ýmislegt dót og þá verður fjórhjólínu ennfremur komið þar fyrir en það hefur verið afar óheppilegt að hýsa það í bílskúrnunum, bæði vegna plássleysis en einnig brunahættu. Einnig hafa verið settir upp skúrar sem nýtast munu sem búningsklefar fyrir yngstu iðkendurna eða skrifstofuaðstaða, en með þeim kemur til með að létta mjög á álaginu á þeim tveimur búningsklefum sem deildin hefur haft til umráða fyrir yngri flokka, gestalið og dómara.

Undanfarin misseri hefur knattspyrnudeild lagt áherslu á ráðist verði í átak við að sinna ýmsu viðhaldi innanhúss, sem fyrir löngu er orðið tímabært. Sem dæmi var loftræstikerfi hreinsað í janúar, en eftir á að yfirfara kerfið og stýringar á því. Á dagskrá er að að djúphreinsa búningsklefa og mála þá. Listinn er lengri og vinnur knattspyrnudeild með bæjaryfirvöldum að því útbúa viðhaldsplan til næstu ára.

Endurnýjun gervigrassins hefur verið algjört forgangsmál hjá knattspyrnudeild og nú þegar það er í sjónmáli mun þurfa að dusta rykið af eldri áætlunum um áframhaldandi aðstöðusköpun á svæðinu. Núverandi aðstöðu var ekki ætlað að þjóna þeim fjölda iðkenda sem nú er hjá félaginu og nauðsynlegt að halda áfram vinnu og framvæmdum við aðstöðusköpun fyrir knattspyrnu á Seltjarnarnesi. Brýnt er orðið að endurnýja þarf svæðið við varamannaskýlin, með nýjum skýlum og nútímavæða þarf tæknirýmið sem nú er í efri gámi á milli varamannaskýlanna. Þá þarf að koma upp varanlegri aðstöðu þar sem unnt er að taka á móti þeim mikla fjölda gesta sem leggja leið sína á völinn og girða svæðið betur af þannig að unnt sé að loka fyrir aðgang óviðkomandi. Loks er aðstaða fyrir fjölmiðlamenn á svæðinu bágborin.

Knattspyrnudeild telur einnig gríðarlegt hagsmunamál að gerð verði langtímaplan fyrir uppbyggingu á Vivaldi og að teknað verði stefnumótandi ákvarðanir um þróun

svæðisins sem fyrst. Fara þarf í greiningarvinnu á þörfinni og hvernig það sem best þjónar iðkendum og bæjarbúum öllum. Skoða þarf hvernig megi nýta og efla svæðið betur og eins huga að því hvaða möguleikar eru til að stækka og þróa núverandi mannvirki. Fyrir stuttu var tekin fyrsta skóflustunga á metnaðarfullum uppbyggingarplönunum í vesturbænum. Áður en sú aðstaða raungerist þurfa Seltirningar að vera búnir að marka sér stefnu - og helst lagðir af stað í okkar eigin vegferð - upp á hvaða aðstöðu og afþreyingu hægt sé hægt að bjóða knattspyrnuíðkendum sem mótvægi við þá aðstöðu, enda ljóst að erfitt getur verið að keppa við þau áform sem stendur til í að ráðast þar í. Vivaldi völlurinn með breyttu vallarhúsi gæti gegnt þar mikilvægu hlutverki sem félagsaðstaða fyrir fólk á öllum aldri, iðandi af lífi frá morgni til kvölds.







Heiðursmerki Gróttu

Gull

Ágúst Ingi Ágústsson	2017	aðalstjórn	
Andri Sigfússon	2024	handbolti	
Arndís María Erlingsdóttir	2023	handbolti	
Axel Friðriksson	1987	hand- og fótbolti	
Ásgerður Halldórsdóttir	1987	handbolti	2002 heiðursfélagi
Bjarni Torfi Álfþórsson	2007	aðalstjórn	
Davíð Örn Hlöðversson	2023	handbolti	
Eyjólfur Garðarsson	2021	hand- og fótbolti	
Friðrik M. Friðriksson	2002	fótbolti	
Gabriella Belányi	2023	fimleikar	
Garðar Guðmundsson	1987	aðalstjórn	2002 heiðursfélagi
Grétar Vilmundarson (látinn)		hand- og fótbolti	
Guðrún Brynja Vilhjálmisdóttir	2002	fimleikar	
Gunnar Lúðvíksson	2002	aðalstjórn	
Jóhannes Geir Benjamínsson	2002	handbolti	
Kári Garðarsson,	2022	aðalstjórn	
Kristín Finnbogadóttir	2020	aðalstjórn	2023 heiðursfélagi
Kristín Þórðardóttir	2023	handbolti	
Kristján Guðlaugsson	1997	handbolti	
Magnús Georgsson	1987	aðalstjórn	
Magnús Margeirsson	2002	hand- og fótbolti	
Magnús Sigurðsson	2002	handbolti	
Rögnvaldur Dofri Pétursson	2018	fótbolti	
Sigurgeir Sigurðsson (látinn)	1987	aðalstjórn	2002 heiðursfélagi
Stefán Ágústsson	1987	aðalstjórn	
Stefán Örn Stefánsson	1997	hand- og fótbolti	
Þorsteinn J. Stefánsson	1997	handbolti	
Þór Sigurgeirsson	2020	fótbolti	

Silfur

Andri Sigfússon	2015	handbolti	
Anna Björg Erlingsdóttir	2024	handbolti og aðalstjórn	
Anna Sóley Jensdóttir	2022	fimleikar	
Arnar Þorkelsson	2016	handbolti	
Arndís María Erlingsdóttir	2019	handbolti	
Ágúst Ingi Ágústsson	2009	aðalstjórn	
Álfþór B. Jóhannsson	1997	aðalstjórn	
Árni Pétursson	2013	fótbolti	
Ásdís Björk Pétursdóttir	2021	fimleikar	
Ásgeir Bjarnason	2016	handbolti	



Berglind Pétursdóttir	2018	fimleikar
Bjarni Torfi Álfþórsson		aðalstjórn
Daníel R. Ingólfsson	2002	aðalstjórn
Davíð B. Gíslason	2014	handbolti
Davíð Örn Hlöðversson	2019	handbolti
Davíð Scheving	2018	handbolti
Egill Már Markússon		hand- og fótbolti
Elías Kristjánsson	2018	fótbolti
Elías Leifsson		aðalstjórn
Erla Gísladóttir	2010	handbolti
Eyjólfur Garðarsson	2015	hand og fót
Franz Ploder		fótbolti
Gaberiella Balany	2013	fimleikar
Garðar Guðnason	2018	fótbolti
Gestur Gauti Grétarsson		handbolti
Gísli Birgisson		aðalstjórn
Guðmundur Árni Sigfússon	2009	handbolti
Guðmundur Hannesson	1997	fótbolti
Guðmundur Marteinn Hannesson	2018	fótbolti
Guðrún Brynja Vilhjálmsdóttir	1997	fimleikar
Guðrún Ína Einarsdóttir	1997	fimleikar
Gunnar Bjarnason	1997	fótbolti
Gunnar Gíslason	2009	handbolti
Haraldur Eyvinds Þrastarson	2020	fótbolti
Halldór Ingi Andrésson		handbolti
Halldór Eyjólfsson	2018	fótbolti
Harpa Hlíf Bárðardóttir	2013	fimleikar
Hildigunnur Hilmarsdóttir		handbolti
Hilmar Sigurðsson	2013	fótbolti
Hjörtur Hjartarson		handbolti
Hörður Lúðvíksson		hand- og fótbolti
Íris Björk Símonardóttir	2023	handbolti
Jenný Ólafsdóttir		fimleikar
Jóhannes Geir Benjamínsson		handbolti
Jón Sigurðsson	2013	fótbolti
Jórunn María Þorsteinsdóttir	2024	fótbolti
Kári Garðarsson	2015	handbolti
Kristín Finnbogadóttir	2013	aðalstjórn
Kristín Þórðardóttir	2018	handbolti
Kristján Guðlaugsson		handbolti
Lárus B. Lárusson	2020	
Magnús Gunnarsson	2018	fótbolti
Magnús Örn Helgason	2018	fótbolti
Magnús Margeirsson		hand- og fótbolti
Magnús Sverrir Ólafsson	2018	handbolti

Magnús Sigurðsson		handbolti
Magrét Kristjánsdóttir	1997	handbolti
Margrét Lilja Pálsdóttir		fimleikar
Margrét Pétursdóttir		fimleikar
María Björk Magnúsdóttir	2013	fimleikar
Nanna Guðmundsdóttir	2023	fimleikar
Olga Emilía Ágústsdóttir	2002	aðalstjórn
Ólafur Finnbogason	2002	handbolti
Ólöf Línberg Kristjánsdóttir	2023	fimleikar
Páll Einarsson	2009	aðalstjórn
Pétur Már Harðarson	2020	fótbolti
Ragnar Rafnsson	2022	aðalstjórn
Rögnvaldur Dofri Pétursson	1997	fótbolti
Sara Finney Eggertsdóttir	2015	handbolti
Sesselja Jarvela	2013	fimleikar
Sigurður Már Hilmarsson	2013	fótbolti
Sigurlaug Bjarnadóttir	1997	fótbolti
Stefán Örn Stefánsson		hand- og fótbolti
Sölvi Snær Magnússon	2018	fótbolti
Valdimar Ólafsson	2023	fótbolti
Þorsteinn J. Stefánsson		handbolti
Þórir Jökull Finnbogason	2019 h	andbolti
Þór Ottesen		handbolti
Þór Sigurgeirsson	1997	handbolti
Þröstur Eyvinds	1997	fótbolti
Þuríður Halldórsdóttir	1997	handbolti

Brons

Alexander Jensen Hjálmarsson	2021	fótbolti
Anna Björg Erlingsdóttir	2019	handbolti
Anna Dóra Ófeigsdóttir	2023	fimleikar
Anna Jónsdóttir	2014	fimleikar
Anna Kristín Kristinsdóttir	1997	
Anna Úrsúla Guðmundsdóttir	2016	handbolti
Anna Kristrún Gunnarsdóttir	1997	fimleikar
Anna Sóley Jónsdóttir	2017	fimleikar
Ari Pétur Eiríksson	2024	handbolti
Arndís María Erlingsdóttir	2015	handbolti
Arna Einarsdóttir	2019	fótbolti
Arnar Jón Agnarsson	2020	
Arnar Rafn Birgisson	2019	fótbolti
Arnar Kormákur Friðriksson	2013	handbolti
Arnar Þór Axelsson	2023	fótbolti
Arnar Þór Helgason	2024	fótbolti
Arnar Kristinn Þorkelsson	2009	handbolti

Axel Bragason	2021	fimleikar
Ágústa Edda Björnsdóttir	1997	fimleikar og handbolti
Ásdís Pétursdóttir	2016	fimleikar
Ásta Sigvaldsdóttir	2020	
Árni Benedikt Árnason	2009	handbolti
Árni Halldórsson		
Árni Pétursson	2009	fótbolti
Ása Jónsdóttir	1997	fótbolti
Ásgeir Bjarnason	2009	hand- og fótbolti
Ásmundur Einarsson	2021	handbolti
Ásta Birgisdóttir		
Bernhard Petersen		fótbolti
Bernódeus Sveinsson	2022	handbolti
Birgir Bjarnason	2016	fótbolti
Birgir Hákonarson	2011	fótbolti
Birgir Tjörvi Pétursson	2020	
Birkir Sveinsson		fótbolti
Bjarni Ármannsson	2019	fótbolti
Bjarni Geir Halldórsson	2022	fimleikar
Bjarni Rögnvaldsson	2024	fótbolti
Bjarni Torfi Álfþórsson		aðalstjórn
Bjarki Már Ólafsson	2017	fótbolti
Björn Bergmann	1997	handbolti
Björn Valdimarsson	2017	fótbolti
Bogi Elfar Grétarsson	2023	aðalstjórn
Bragi Björnsson	2022	aðalstjórn
Davíð Benedikt Gíslason		handbolti
Davíð Scheving Birgisson	2013	handbolti
Davíð Örn Hlöðversson	2015	handbolti
Edda Andradóttir	2024	handbolti
Einar Rafn Ingimarsson	2019	handbolti
Einar Þorgeirsson	2009	fótbolti
Einar Óli Þorvarðarson	2014	hand- og fótbolti
Eiríkur Elís Þorláksson	2017	handbolti
Elías Magnússon		fótbolti
Elín Smáradóttir	2020	
Elizabeth Holt	2019	fimleikar
Elsa Nielsen	2020	aðalstjórn
Erla Gísladóttir	2007	handbolti
Eva Björnsdóttir	1997	fimeikar
Eva Katrín Friðgeirsdóttir	2020	
Eyjólfur Garðarsson	2011	hand- og fótbolti
Eydís Lilja Eysteinsdóttir	2021	fótbolti
Fanney Hauksdóttir	2018	fimleikar
Fanney Magnúsdóttir	2017	fimleikar

Felix Ragnarsson		handbolti
Finnbogi Ólafsson		
Finnur Ingi Stefánsson	2016	handbolti
Filip Andonov	2024	
Fjalar Sigurðarson	2022	hand- og fótbolti
Franz Ploder		fótbolti
Friðrik M. Friðriksson		fótbolti
Friðrika Harðardóttir	2010	fimleikar
Gabriella Belányi	2009	fimleikar
Garðar Guðnason	2013	fótbolti
Guðjón Kristinsson		fótbolti
Guðjón Norðfjörð	2013	aðalstjórn
Guðjón Rúnarsson	2021	fimleikar
Guðmundur Árni Sigfússon	1997	handbolti
Guðmundur Hannesson		fótbolti
Guðmundur Ingimundarson		handbolti
Guðmundur Kristjánsson	2009	handbolti
Guðmundur Stefán Maríusson	2010	hand- og fótbolti
Guðrún Ína Kristjánsdóttir		fimleikar og handbolti
Guðrún Edda Haraldsdóttir	2018	fimleikar
Guðrún Kaldal		
Guðrún Guðmundsdóttir (Rúna)	2022	fótbolti
Gunnar Gíslason		handbolti
Gunnar Guðmundsson		handbolti
Hafðís Guðmundsdóttir	2013/2016	fótbolti
Halla Bachmann Ólafsdóttir	2020	
Halldór Árnason		fimleikar
Halldór Eyjólfsson	2015	fótbolti
Halldór Nellet	2009	aðalstjórn
Halldór Kristján Baldursson	2021	fótbolti
Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir	2019	handbolti
Hannes Birgisson	2017	handbolti
Hannes Grimm	2023	handbolti
Hansína Þóra Gunnarsdóttir	2023	fimleikar
Haraldur Eyvinds Þrastarsón	2014	aðalstjórn
Harpa Hlíf Bárðardóttir		fimleikar
Harpa Frímanssdóttir	2020	
Harpa Guðfinnsdóttir	2020	
Haukur Harðarson	2010	fótbolti
Heiðar Guðjónsson	2019	fótbolti
Helgi Héðinsson	2024	fótbolti
Helgi Magnússon	2019	fótbolti
Helga Sverrisdóttir	2019	fótbolti
Helgi Þórður Þórðarson	2009	aðalstjórn
Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir	2013	fimleikar
Hildur Ólafsdóttir	2023	fótbolti

Hilmar Sigurðsson	2009	fótbolti
Hjalti Ástbjartsson	2009	aðalstjórn
Hjálmfríður Kristinsdóttir	2010	fótbolti
Hrafn Jónsson	2014	fótbolti
Hreinn Októ Karlsson	2022	fótbolti
Hrafnhildur Thoroddsen	2023	aðalstjórn
Hrafnhildur Sigurjónsdóttir	2020	fimleikar
Hulda Björk Halldórsdóttir	2024	handbolti
Íris Björk Símonardóttir	2016	handbolti
Ingimar Sigurðsson		fótbolti
Ingveldur Kristjánsson	2020	
Ísak Runólfsson	2019	fótbolti
Jóhanna Sigmundsdóttir	2019	fimleikar
Jóhanna Selma Sigurðardóttir	2023	aðalstjórn
Jón Jónsson		handbolti
Jón Sigurðsson	2009	fótbolti
Jón Sigurðsson		
Jón Stephenson von Tetzchner	2019	fótbolti
Jón Örvar Kristinsson		handbolti
Jórunn Þóra Sigurðardóttir	2009	fimleikar
Jórunn María Þorsteinsdóttir	2019	fótbolti
Katrín Viðarsdóttir	2024	
Kári Garðarsson	2009	handbolti
Kári Indriðason	2009	handbolti
Konstantin Antonov (Kostja)	2010	fimleikar
Kristinn Guðmundsson		
Kristinn Þorvaldsson	2022	fótbolti
Kristín Björg Svövdóttir	2024	
Kristín Finnbogadóttir	2009	aðalstjórn
Kristín Gísladóttir	2024	
Kristín Hannesdóttir	1997	fimleikar
Kristín Huld Þorvaldsdóttir	2024	
Kristín Jónsdóttir		
Kristín Þórðardóttir	2015	handbolti
Lárus Gunnarsson	2019	handbolti
Lárus Brynjar Lárusson	2009	aðalstjórn
Laufey Ásta Guðmundsdóttir	2019	handbolti
Lovísa Ásgeirsdóttir	2019	handbolti
Magnús Margeirsson	1987	hand- og fótbolti
Magnús Sverrir Ólafsson	2010	handbolti
Magnús Örn Guðmundsson	2009	fótbolti
Magnús Örn Helgason	2010	
Magnús Örn Helgason	2010	fótbolti
Margrét Aðalheiður Hauksdóttir	1997	fimleikar
Margrét Einarisdóttir		fimleikar
Margrét Kristjánsson		handbolti



Margrét Sigurðardóttir		fótbolti
Marinó G. Njálsson		handbolti
María Björg Magnúsdóttir	2010	fimleikar
Nanna Guðmundsdóttir	2018	fimleikar
Ólafur Finnbogason	1997	handbolti
Ólafur Garðarsson	1997	fótbolti
Ólöf Línberg Kristjánsdóttir	2018	fimleikar
Ómar Gunnarsson	1997	handbolti
Óskar Hrafn Þorvaldsson	2019	fótbolti
Patrekur Pétursson Sanko	2024	handbolti
Páll Þórólfsson	2024	
Pétur Már Halldórsson	2015	fótbolti
Pétur Már Harðarson	2014	fótbolti
Pétur Theodór Árnason	2024	fótbolti
Pétur Rögnvaldsson	2019	fótbolti
Pétur Ívarsson	2020	
Pjetur Sigurðsson		fótbolti
Reynir Kjartansson		
Rúnar Steinn Ragnarsson	2009	handbolti
Rögnvaldur Dofri Pétursson	1997	fótbolti
Saga Ómarsdóttir	2019	handbolti
Sara Finney Eggertsdóttir	2009	handbolti og fimleikar
Sesselja Järvelä	2010	fimleikar
Sigurbergur Steinsson	2022	handbolti
Sigfús Árni Guðmundsson	1997	handbolti
Sigtryggur Albertsson		handbolti
Sigurður Geirsson	1997	hand- og fótbolti
Sigurður Hilmarsson	2009	fótbolti
Sigurður Örn Helgason	2009	fótbolti
Sigurður Örn Jónsson	2018	fimleikar
Sigurlaug Bjarnadóttir		fótbolti
Sigurlaug Vilhelmsdóttir	2014	handbolti
Sigurvin Reynisson	2021	fótbolti
Skúli Júlíusson		hand- og fótbolti
Snorri Magnússon		
Sólmundur Kristjánsson		fótbolti
Sólveig Herbertsdóttir	2023	aðalstjórn
Stefán Smári Skúlason		handbolti
Steinn Jónsson		fótbolti
Svafar Magnússon		handbolti
Sverrir Þór Sverrisson		handbolti
Tinna BjarkarJónsdóttir	2024	fótbolti
Tinna Rut Traustadóttir		fimleikar
Unnur Teits Halldórsdóttir	2011	aðalstjórn
Valdimar Ólafsson	2019	fótbolti
Valgerður Thoroddsen	2023	fimleikar



Vilhjálmur Ólason	2014	handbolti
Þorkell Helgason		handbolti
Þorsteinn Geirsson	2009	aðalstjórn
Þorsteinn Guðjónsson	2009	aðalstjórn
Þorsteinn J. Stefánsson		
Þorsteinn Þorsteinsson	2009	aðalstjórn
Þóra Kristín Jónsdóttir	2022	fótbolti
Þórir Hallgrímsson	2023	fótbolti
Þórir Jökull Finnbogason	2015	handbolti
Þróstur Eyvinds		fótbolti
Þór Sigurðsson	2022	hand- og fótbolti
Ægir Steinarsson	2023	hand- og fótbolti
Örlygur Ásgeirsson	2023	aðalstjórn

Íþróttafólk ársins

Árið 2024

Íþróttamaður Gróttu: Kristófer Melsted

Íþróttakona Gróttu: Katrín Anna Ásmundsdóttir

Íþróttamaður æskunnar: Hrafn Ingi Jóhannsson

Íþróttakona æskunnar: Rebekka Sif Brynjarsdóttir

Þjálfari ársins: Tomas Bekkavík

Íþróttamaður Gróttu

2024	Kristófer Melsted	knattspyrnumaður
2023	Einar Baldvin Baldvinsson	handknattleiksmaður
2022	Kjartan Kári Halldórsson	knattspyrnumaður
2021	Pétur Theódór Árnason	knattspyrnumaður
2020	Hákon Rafn Valdimarsson	knattspyrnumaður
2019	Pétur Theódór Árnason	knattspyrnumaður
2018	Dagur Guðjónsson	knattspyrnumaður
2017	Lovisa Thompson	handknattleikskona
2016	Fanney Hauksdóttir	kraftlyftingakona
2015	Meistaraflokkur kvenna í handbolta	
2014	Fanney Hauksdóttir	kraftlyftingakona
2013	Fanney Hauksdóttir	kraftlyftingakona
2012	Aron Du Lee Teitsson	kraftlyftingamaður
2011	Dominiqua Alma Belányi	fimleikakona
2010	Dominiqua Alma Belányi	fimleikakona
2009	Embla Jóhannesdóttir	fimleikakona
2008	Finnur Ingi Stefánsson	handknattleiksmaður
2007	Anna Úrsula Guðmundsdóttir	handknattleikskona
2006	Sif Pálsdóttir	fimleikakona
2005	Sif Pálsdóttir	fimleikakona





2004	Anna Úrsula Guðmundsdóttir	handknattleikskona
2003	Sif Pálsdóttir	fimleikakona
2002	Sif Pálsdóttir	fimleikakona
2001	Alexander Pettersen	handknattleiksmaður
2000	Enric Már Du Teitsson	knattspyrnumaður
1999	Jóhanna Sigmundsdóttir	fimleikakona
1998	Ágústa Edda Björnsdóttir	handknattleikskona
1997	Davíð B. Gíslason	handknattleiksmaður
1996	Harpa Hlíf Bárðardóttir	fimleikakona
1995	Sigtryggur Albertsson	handknattleiksmaður
1994	Arnaldur Schram	knattspyrnumaður
1993	Eva Björnsdóttir	fimleikakona
1992	Ólafur Ármann Sveinsson	handknattleiksmaður
1991	Laufey Sigvaldadóttir	handknattleikskona
1990	Stefán Arnarson	handknattleiksmaður
1989	Elísabet Þorgeirsdóttir	handknattleikskona
1988	Sigtryggur Albertsson	handknattleiksmaður
1987	Berhard Petersen	knattspyrnumaður
1986	Halldór Ingólfsson	handknattleiksmaður

Íþróttakona Gróttu

2024	Katrín Anna Ásmundsdóttir	handknattleikskona
2023	Freyja Hannesdóttir	fimleikakona
2022	Freyja Hannesdóttir	fimleikakona
2021	Nanna Guðmundsdóttir	fimleikakona
2020	Tinna Brá Magnúsdóttir	knattspyrnukona
2019	Nanna Guðmundsdóttir	fimleikakona

Íþróttamaður æskunnar

2024	Hrafn Ingi Jóhannsson	handknattleiksmaður
2023	Tómas Johannessen	knattspyrnumaður
2022	Antonie Óskar Pantano	handknattleiksmaður
2021	Kjartan Kári Halldórsson	knattspyrnumaður
2020	Ari Pétur Eiríksson	handknattleiksmaður
2019	Orrí Steinn Óskarsson	knattspyrnumaður
2018	Laufey Birna Jóhannsdóttir	fimleikakona
2017	Sóley Guðmundsdóttir	fimleikakona
2016	Anna Katrín Stefánsdóttir	handknattleikskona
2015	Lovísa Thompson	handknattleikskona
2014	Nanna Guðmundsdóttir	fimleikakona
2013	Pétur Steinn Þorsteinsson	knattspyrnumaður
2012	Eva Björk Davíðsdóttir	handknattleikskona
2011	Pétur Theodór Árnason	knattspyrnumaður
2010	Ólafur Ægíur Ólafsson	handknattleiksmaður
2009	Viggó Kristjánsson	knattspyrnumaður



Íþróttakona æskunnar

2024	Rebekka Sif Brynjarsdóttir	knattspyrnukona
2023	Arnfríður Auður Arnarsdóttir	knattspyrnukona
2022	Sara Björk Arnarsdóttir	knattspyrnukona
2021	Katrín Anna Ásmundsdóttir	handknattleikskona
2020	Freyja Hannesdóttir	fimleikakona

Þjálfari ársins

2024	Tomas Bekkavik
2023	Andri Sigfússon
2022	Maksim Akbachev
2021	Arnar Daði Arnarsson
2020	Anna Sóley Jensdóttir
2019	Óskar Hrafn Þorvaldsson

Sjálfböðaliði ársins

2024	Handknattleiksdeild: Aron Bjarki Arnarsson Knattspyrnudeild: Lilja Nótt Þórarinsdóttir
2023	Handknattleiksdeild: Eyjólfur Garðarsson Fimleikadeild: Guðrún Jóna Stefánsdóttir Knattspyrnudeild: Þórir Hallgrímsson
2022	Arnkell Bergmann Arnkelsson, handknattleiksdeild
2022	Eyjólfur Garðarsson, fimleikadeild
2022	Halla Bachmann Ólafsdóttir, knattspyrnudeild
2021	Ari Kárasón, fimleikadeild
2021	Fjalar Sigurðarson, knattspyrnudeild
2021	Magnús Björn Hallgrímsson, handknattleiksdeild
2020	Árni Pétursson, knattspyrnudeild
2020	Bjarni Torfi Álfþórsson, handknattleiksdeild
2020	Jón Gunnar Þorsteinsson, fimleikadeild
2019	Eyjólfur Garðarsson, knattspyrnudeild
2019	Guðrún Edda Haraldsdóttir, fimleikadeild
2019	Benedikt Arnar Davíðsson, handknattleiksdeild



Lög Íþóttafélagsins Gróttu

1. gr.

Nafn félags og varnarþing

Félagið heitir Íþróttafélagið Gróttu. Lögheimili þess og varnarþing er á Seltjarnarnesi.

2. gr.

Tilgangur félags og grunngildi

Tilgangur Íþróttafélagsins Gróttu er að veita iðkendum á öllum aldri þjónustu og aðstöðu til að iðka og stunda íþróttir. Sérstök áhersla er lögð á íþrótt- og uppeldisstarf með börnum og unglingum til að stuðla að heilbrigðu lífverni og félagsþroska.

3. gr.

Merki félags og búningur

Merki félagsins er blár fugl á gulum þríhyrndum grunni (litastaðall: pantone 286 blár og pantone 108 gulur). Heitið GRÓTTA er ritað fyrir ofan fuglinn. Við félagsmerkið er íþróttadeild heimilt að bæta nafni eða merki deildarinnar. Slíkt þarf þó að hljóta samþykki aðalstjórnar félagsins.

Allir keppnisbúningar félagsins og auglýsingar á þeim eru háðar samþykki aðalstjórnar.

Aðalstjórn er heimilt að setja nánari reglur um útlit og gerð búninga.

4. gr.

Aðild að heildarsamtökum

Félagið er aðili að Íþróttasambandi Íslands (ÍSí) og sérsamböndum þess, Ungmennafélagi Íslands og Ungmennasambandi Kjalarnesþings og er háð lögum þeirra og ákvörðunum.

5. gr.

Félagar

Félagsaðild að Gróttu er opin fyrir alla, sem sjálfviljugir taka á sig þær skyldur sem félagsaðildinni fylgir, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungumáls, trúar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis, kynhneigðar eða annarra ástæðna.

Allir félagar skulu hafa jafnan rétt til aðstöðu, æfinga, þjónustu félagsins og skal Gróttu leitast við að mæta þörfum félaga eins og kostur er miðað við aðstæður og mannauður leyfir hverju sinni.

Við kjör í stjórnir félagsins og skipanir í trúnaðarstörf skal leitast við að hafa sem jafnast hlutfall kynjanna.

Félagar í Gróttu eru:

- Allir iðkendur sem greiða æfingagjöld.
- Foreldrar/forráðamenn iðkenda.
- Þeir sem greiða félagsgjöld til félagsins.
- Stjórnarmenn í aðalstjórn og deildum, sjálfboðaliðar í nefndum og ráðum:
- Starfsmenn félagsins og þjálfarar í deildum þess.
- Heiðursfélagar.



Aðalstjórn ákveður félagsgjald árlega og samþykkir iðkendagjöld deilda.

Aðalstjórn skal halda félagaskrá á stafrænu formi.

Aðeins lögráða félagar geta haft atkvæðarétt í félaginu.

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg. Hafi stjórnarmenn, sjálfboðaliðar, starfsmenn eða þjálfarar hætt störfum í þágu félagsins falla þeir af félagaskrá nema þeir greiði félagsgjald. Aðalstjórn getur tekið féлага af félagaskrá vegna verulegra vanskila á greiðslu æfingagjalda eða félagsgjalda. Þá getur aðalstjórn víkið iðkanda úr starfi vegna verulegra vanskila á iðkendagjöldum.

6. gr.

Reikningsár

Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið.

7. gr.

Aðalfundur félagsins

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess og hefur einn vald til að breyta lögum þess.

Aðalfundur Gróttu skal haldinn eigi síðar en 1. maí ár hvert fyrir starfsárið næst á undan.

Aðalfundur skal boðaður með minnst 14 daga fyrirvara. Tilkynning um hann skal þá birtast í miðlum félagsins. Jafnframt skal senda tilkynningu til starfandi deilda félagsins og til þess mælst að þær komi upplýsingum um fundinn áfram til félagsmanna og iðkenda.

Aðalfundur er lögmeður ef löglega er til hans boðaður.

Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins skal senda aðalstjórn eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, sem síðar koma fram ef 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna eru því samþykkir.

Rétt til setu á aðalfundi með tillögurétt og málfrelsi hafa allir félagar í félaginu.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa allir lögráða félagar í félaginu sbr. 5. gr.

Kjörgengi til stjórnarstarfa og annarra trúnaðarstarfa fyrir félagið hafa allir lögráða félagar, sem uppfyllt hafa skyldur sínar við félagið.

Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála, nema þegar um er að ræða tillögur til félagsslita sem fer eftir ákvæðum 19. gr. og tillögur um breytingar á samþykktum félagsins sem eftir ákvæðum 20. gr.

Kosningar skulu vera skriflegar sé þess óskað. Séu atkvæði jöfn skal kosning endurtekin. Verði atkvæði þá enn jöfn skal hlutkesti ráða.

8. gr.

Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Formaður félagsins setur fundinn.
2. Kosinn fundarstjóri
3. Kosinn fundarritari
4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
5. Aðalstjórn gefur skýrslu um starfsemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
6. Aðalstjórn gefur skýrslu um fjárhag félagsins og leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið starfsár til samþykktar.
7. Aðalstjórn leggur fram rekstraráætlun næsta starfsárs.
8. Breytingar á samþykktum sbr. 20. gr.
9. Kosning formanns.
10. Kosning 4 stjórnarmanna.
11. Kosning 2 varamanna í stjórn.
12. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
13. Kosning 2 félagslegra skoðunarmanna.
14. Kosning þriggja einstaklinga í uppstillinganefnd.
15. Önnur mál.

Heimilt er að samþætta aðalfund félagsins með aðalfundum deilda félagsins á þann hátt að skýrsla aðalstjórnar og deilda sé flutt saman sem og reikningar aðalstjórnar og deilda.

Kosning í aðalstjórn og stjórnir deilda skal þó fara fram í sitthvoru lagi sem og samþykktir reikninga. Ef aðalstjórn boðar ekki til lögboðins aðalfundar, skulu formenn deilda boða til aðalfundar innan tveggja mánaða.

9. gr.

Aukaaðalfundur félagsins, félagsfundur

Aukaaðalfund félagsins skal halda ef aðalstjórn telur þess þörf, eða ósk þar um berst frá a.m.k. 2 deildum félagsins. Aukaaðalfundur er lögmeður, ef til hans er boðað samkvæmt ákvæðum 7. greinar þessara laga. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur, nema lagabreytingar og stjórnarkosning getur ekki farið fram á aukaaðalfundi.

Aðalstjórn félagsins getur boðað til almenns félagsfundar telji aðalstjórn ástæðu til. Þá er aðalstjórn skylt að boða almennan félagsfund ef 30 félagsmenn eða fleiri krefjast þess. Fundarboð skal þá vera með sama hætti og til aðalfundar og skal tilefni fundarins tilgreint í fundarboði. Almennur félagsfundur er ályktunarbær um boðað fundarefni.

10. gr.

Aðalstjórn

Aðalstjórn Gróttu fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins og deilda þess milli aðalfunda. Aðalstjórn ber að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna.

Aðalstjórn Gróttu skal skipuð:

- Formanni kosinn beinni kosningu á aðalfundi til tveggja ára.
- Fjórum stjórnarmönnum sem kosnir eru beinni kosningu á aðalfundi, til tveggja ára. Skulu kjörtímabil þeirra víxlast með þeim hætti að kosið er um tvö sæti í aðalstjórn árlega.

- Einum fulltrúa frá hverri deild félagsins tilnefndum af stjórn viðkomandi deildar til eins árs í senn.
- Þá skulu kosnir árlega tveir varamenn í stjórn til eins árs.

Kosningar skulu vera skriflegar sé þess óskað. Séu atkvæði jöfn skal kosið að nýju, bundinni kosningu og fáist þá ekki úrslit skal varpa hlutkesti. Komi aðeins fram eitt framboð til stjórnarstarfs þá er sá sem tilgreindur er sjálfkjörinn.

Þeir sem eiga sæti í stjórnnum íþróttadeilda félagsins og starfsmenn Gróttu, þar með taldir þjálfarar og leikmenn félagsins, eru ekki kjörgengir í aðalstjórn Gróttu. Það sama á við um þá sem eru stjórnarmenn, starfsmenn og þjálfarar annarra íþróttafélaga. Ákvæði þessi eiga þó ekki við þá stjórnarmenn sem tilnefndir eru að deildum félagsins.

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Skipað skal í eftirtalin embætti:

- Varaformaður
- Gjaldkeri
- Ritari
- Meðstjórnandi

Tilnefning fulltrúa deilda.

Stjórnarmenn aðrir en tilnefndir fulltrúar deilda í aðalstjórn Gróttu skulu ekki gegna trúnaðarstörfum fyrir neina aðra einingu innan Gróttu.

Fulltrúar aðalstjórnar hafa rétt til að sitja alla fundi félagsins og deilda þess. Hafa aðalstjórnarmenn málfrelsi og tillögurétt á fundum deilda félagsins.

Stjórnarmenn í aðalstjórn Gróttu skulu ekki taka þátt í afgreiðslu mála er varða verulega persónulega hagsmuni þeirra.

Aðalstjórn félagsins er forsvari þess gagnvart ÍSÍ, UMFÍ, UMSK, bæjarstjórn Seltjarnarness, öðrum opinberum yfirvöldum og aðalstjórn annarra íþróttafélaga. Aðalstjórn skipar alla trúnaðarmenn félagsins í nefndir og ráð innan íþróttahreyfingarinnar, sem félagið á aðild að. Skal aðalstjórninni heimilt að kalla félagsmenn sér til aðstoðar og skipa starfsnefndir til sérstakra verkefna ef þurfa þykir s.s. til uppbyggingar félagssvæðis og íþróttamannvirkja, fjáraflana o.s.frv.

Verkefni aðalstjórnar eru auk ofangreinds eru m.a. ýmis stærri fjáröflunarverkefni, skipting styrkja bæjarins, lottógreiðslna og getrauna auk yfirumsjónar félagatals Gróttu.

Aðalstjórn ber ábyrgð á fjárreiðum deilda, hún setur deildum reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna og hefur eftirlit með starfsemi þeirra.

Lántökur deilda eru óheimilar nema með samþykki aðalstjórnar.

Leggja skal fjárhagsskuldbindingar s.s. samninga við styrktaraðila, leikmannasamninga og þjálfarasamninga deilda fyrir aðalstjórn til samþykktar.

Aðalstjórn hefur umráðarétt yfir öllum eigum félagsins og annast rekstur eigna þess.

Kaup, sala og veðsetning fasteigna félagsins er bundin samþykkt aðalstjórnar.

Enga fullnaðaráætlun getur aðalstjórn gert nema með samþykki meirihluta aðalstjórnarmanna.

Aðalstjórn skal að jafnaði halda fundi mánaðarlega og skal halda um þá sérstök gerðarbók. Fundargerðir aðalstjórnar skulu birtar á miðlum félagsins.

Meirihluti stjórnar félagsins ritar firma þess. Stjórn félagsins er heimilt að veita prókúruumboð og eru allar fjárskuldbindingar félagsins og deilda þess háðar samþykki prókúruhafa. Óheimilt er að skuldbinda félagið eða deildir þess með persónulegum ábyrgðum einstaklinga. Allar meiriháttar eða óvenjulegar ráðstafanir gerðar í nafni Gróttu eða deilda þess skulu bornar undir aðalstjórn fyrirfram til samþykktar.

11. gr.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri er ráðinn af aðalstjórn og starfar í umboði hennar.

Framkvæmdastjóri ræður allt annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem aðalstjórn hefur gefið. Hann hefur umsjón með gerð rekstraráætlana fyrir félagið og ber ábyrgð á framkvæmd þeirra. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá aðalstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana aðalstjórnar án verulegs tjóns fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal aðalstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Aðalstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Framkvæmdastjóri skal bera önnur verkefni sín og/eða launuð störf, sem ótengd eru félaginu, undir aðalstjórn félagsins til samþykktar.

12. gr

Deildir Gróttu

Aðalstjórn félagsins skal sjá um stofnun nýrrar deildar innan félagsins. Skal aðalstjórn leggja rökstudda beiðni um það fyrir aðalfund. Heimili aðalfundur stofnun nýrrar deildar með samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal aðalstjórn sjá um að boða til stofnfundar, sem skal fara fram samkvæmt reglum um aðalfundi deilda, sbr. 14. grein.

Hver deild skal sjá um sig sjálf fjárhagslega. Bókhald deildar skal þó fært og varðveitt á skrifstofu félagsins. Hver deild hefur tekjur af árgjöldum, íþróttakeppnum og þeim fjáröflunum, sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn félagsins. Deildarstjóm íþróttadeildar skal leggja fram fjárhagsáætlun fyrir 10. október ár hvert fyrir starfsárið til aðalstjórnar.

Allar meiriháttar fjárhagslegar skuldbindingar deildar sem og alla leikmanna- og þjálfarasamninga ber að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar.

Aðalstjórn hefur á hverjum tíma rétt til að skoða bókhald og fjárreiður deildar. Í því skyni getur aðalstjórn tilnefnt sérstakan trúnaðarmann til slíkra verka, sem getur komið með fyrirmæli um úrbætur ef þurfa þykir. Afreksstarf og fjármögnun þess skal aðgreint sérstaklega í reikningum íþróttadeildar.

Eignir hvernar deildar teljast sameign félagsins og verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu vera í vörslu aðalstjórnar.

Hætti deild störfum renna eignir hennar tímabundið í vörslu aðalstjórnar. Hefjist starfsemi hennar ekki að nýju innan tveggja ára, ber að sækja um stofnun deildarinnar að nýju til aðalstjórnar. Taki deildin ekki til starfa að nýju innan fimm ára, renna eignir hennar endanlega í vörslu aðalstjórnar félagsins.

13.gr.

Stjórnir deilda Gróttu

Hver íþróttadeild félagsins hefur stjórn sem kosin er á aðalfund deildarinnar og sjálfstæðan fjárhag. Stjórnir íþróttadeildanna ráða þjálfara og ákveða laun þeirra.

Stjórn hvernar íþróttadeildar skipa fimm, sjö eða níu stjórnarmenn: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur og skulu þeir kosnir á aðalfundi deildanna til tveggja ára, formaður sérstaklega, en annars skiptir stjórn sjálf með sér verkum. Heimilt er að kjósa tvo varamenn.

Deildarstjórnir fara með daglegan rekstur deilda milli aðalfunda þeirra og hafa ákvörðunarvald í málefnum deildarinnar. Deildarstjórn ber ábyrgð á því gagnvart aðalstjórn að rekstur deildar og fjárreiður séu í samræmi við lög og reglur félagsins og landslög. Stjórn deildar ber að efla hana á allan hátt og gæta hagsmuna hennar í hvívetna.

Stjórnir deildanna ráða faglærða þjálfara og ákveða laun þeirra. Við ráðningu þjálfara til yngri flokka skulu deildir hafa til hliðsjónar stefnuýfirlýsingu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands um þjálfaramenntun. Ráðning skal staðfest af aðalstjórn.

14.gr.

Aðalfundir deilda

Fyrir 1. maí ár hvert skulu haldnir aðalfundir allra íþróttadeildanna.

Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir lögráða félagar, enda hafa þeir greitt lögbundin gjöld. Allir félagsmenn hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundum deildanna. Fundirnir skulu boðaðir opinberlega með minnst viku fyrirvara og eru lögmætir sé rétt til þeirra boðað. Jafnframt fundarboðum skal aðalstjórn tilkynnt um fundinn.

Dagskrá aðalfundar deilda skal vera:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Deildarstjórn gefur skýrslu um starfsemi á liðnu ári.
3. Deildarstjórn gefur skýrslu um fjármál deildarinnar og leggur fram endurskoðaða reikninga.
4. Kosning deildarstjórnar
 - a. Formaður
 - b. Meðstjórnendur
 - c. Varamenn kosnir
5. Önnur mál

Að loknum aðalfundi skal deildarstjórn tilkynna aðalstjórn skriflega hverjir kjörnir hafa verið í stjórn deildarinnar, heimilisföng, netföng og símanúmer. Einnig skal þá afhenda aðalstjórn skýrslu um starfsemi deildarinnar og endurskoðaða reikninga, hafi það ekki verið gert áður. Þessi gögn skulu hafa borist aðalstjórn eigi síðar en fjórtán dögum fyrir aðalfund félagsins.

15.gr.

Vanræksla

Vanræki einhver deild að halda aðalfund á tilsettum tíma skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

16.gr.

Uppstillingarnefnd

Þriggja manna uppstillingarnefnd skal kosin á aðalfundi Gróttu og starfar hún milli aðalfunda.

Uppstillingarnefnd skal auglýsa eftir framboðum og tillögum um frambjóðendur til embætta sem kosið er til á aðalfundi félagsins minnst 14 dögum fyrir aðalfund. Fyrir þann tíma ber stjórnarmönnum, sem ekki gefa kost á sér til endurkjörs, að tilkynna uppstillingarnefnd um ákvörðun sína. Framboðum til aðalstjórnar skal skilað til uppstillingarnefndar eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

Uppstillingarnefnd sannreynir kjörgengi framboða. Uppstillingarnefnd skal í störfum sínum leitast við að fá fulltrúa ólíkra hópa til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

17.gr.

Viðurlög

Hafi félagi brotið samþykktir þess með framkomu sinni, hnekk álit félagsins eða unnið gegn markmiðum þess verulega, er aðalstjórn heimilt að veita viðkomandi skriflega áminningu eða víkja viðkomandi úr félaginu og/eða setja hann í æfinga og/eða keppnisbann. Að jafnaði skal viðkomandi gefin kostur á að bæta ráð sitt áður en honum er víkið úr félaginu. Skylt er aðalstjórn að boða hinn brotlega á sinn fund og gefa honum kost á að tala máli sínu. Ákvörðun aðalstjórnar skv. þessari grein má bera undir aðalfund félagsins.

18.gr.

Viðurkenning, heiðursmerki.

Aðalstjórn veitir viðurkenningu fyrir íþróttárangur eða störf í þágu félagsins eða íþróttahreyfingarinnar samkvæmt sérstökum reglum sem samþykktar eru á aðalfundi félagsins. Þá kýs aðalstjórn heiðursfélaga.

19.gr.

Félagsslit

Félaginu má slíta að fengnu samþykki 4/5 þeirra sem atkvæði greiða á fundi sem boðað er til sérstaklega í þessu skyni. Skal fundarefnis getið í auglýsingu. Boðun fundarins skal vera í samræmi við ákvæði 1. mgr. 8. gr. Verði félagið lagt niður skulu eignir þess ganga til Seltjarnarneskaupstaðar til varðveislu og afhendist síðar félagi sem stofnað yrði með hliðstæðum markmiðum.

20.gr.

Breytingar á samþykktum

Samþykktum þessum má ekki breyta nema á aðalfundi félagsins og þarf til þess samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna, sbr. 7. og 8. gr.



Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins skulu tilkynntar með aðalfundarboðinu og skulu þær liggja frammi hjá aðalstjórn félagsins eigi skemur en 7 dögum fyrir aðalfund félagsins.

Samþykktir þessar öðlast þegar gildi og falla þar með úr gildi allar fyrri samþykktir og lög félagsins.

Þannig samþykkt á aðalfundi Gróttu 4. júní 2020.







